# FRÉTTABLAÐIÐ

245. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 21. OKTÓBER 2019





Í gær voru liðin sjö ár frá því að þjóðaratkvæðagreiðsla um nýja stjórnarskrá fór fram. Af því tilefni efndi Stjórnarskrárfélagið til veislu á Sólon í Bankastræti þar sem ræður voru haldnar og ýmsir listamenn komu fram og fögnuðu Stjórnarskrárdeginum. Dagskráin endaði svo á trylltri sveiflu undir stjórn Salsa Iceland. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Samkeppnislöggjöfin einfölduð

**Samkvæmt nýju frumvarpi verður það á ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra að meta hvort þau megi eiga í samstarfi. Heimild Samkeppniseftirlitsins um að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar til dómstóla felld niður og veltimörk tilskynningarskyldra samruna eru hækkuð.**

**VIÐSKIPTI** Heimild Samkeppniseftirlitsins til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla, fyrirkomulag sem mjög hefur verið gagnrýnt af fulltrúum atvinnulífsins, verður afnumin samkvæmt nýju frumvarpi atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra þar sem boðaðar eru miklar breytingar á samkeppnislöggjöfinni.

Þá verður fyrirtækjum heimilað að meta það sjálf hvort skilyrði til að eiga í samstarfi sé fyrir hendi, líkt og hefur verið gert víða í Evrópu, meðal annars í því skyni að auka skilvirkni og hagræði.

Í frumvarpi Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur ráðherra er heimild Samkeppniseftirlitsins til íhlutunar í starfsemi fyrirtækja, án þess að þau hafi gerst brotleg við samkeppnislög, felld út auk þess sem veltumörk tilkynningarskyldra samruna, sem hafa haldist óbreytt frá 2008, verða hækkuð nokkuð frá því sem nú er.

Þá er í frumvarpinu einnig lögð til sú breyting að forstjóri Samkeppniseftirlitsins verði ráðinn af stjórn til fimm ára í senn og aðeins verði hægt að ráða sama manninn tvisvar. Samkvæmt núgildandi lögum er forstjóri ráðinn af stjórn ótímabundið en í greinargerð með frumvarpinu er bent á að í tímabundinni skipun felist „ákveðið aðhald og endurnýjun sem nauðsynleg er í æðstu embættum ríkisins.“

Fram kemur í greinargerð frumvarpsins að rökin fyrir því að afnema heimild Samkeppniseftirlitsins til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla séu meðal annars þau að heimildin sé til þess fallin að „lengja málsmeðferð mála og valda þannig fyrirtækjum og Samkeppniseftirlitinu auknum kostnaði“.

Í stuðningi sínum við undirritun lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði fyrr á árinu lýsti ríkisstjórnin því yfir að samkeppnislöggjöfin yrði endurskoðuð með það að markmiði að einfalda framkvæmd þeirra og auka skilvirkni. – hae / sjá síðu 4

## Vankantar á eftirliti

**LÖGREGLUMÁL** Héraðssaksóknari og formaður nefndar um eftirlit með lögreglu telja vankanta á eftirliti með starfsemi og starfsháttum lögreglu. Óheppilegt sé að sami aðili rannsaki bæði brot gegn valdstjórninni og kærur á hendur lögreglu. Sem lausn á þessum vanda hefur Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, lagt fram tillögu um sjálfstætt eftirlit með lögreglu. Vill hann að komið verði á fót sérstakri stofnun á vegum Alþingis sem sinni þessu eftirliti.

Hlutverk hennar væri meðal annars að hefja athugun mála að eigin frumkvæði, taka við kærum einstaklinga sem telja að lögregla hafi brotið gegn réttindum sinum og rannsaka ætluð brot lögreglumanna í starfi. – bþ / sjá síðu 4

## Fólkið er óttaslegið

**CHILE** Óeirðaalda hefur riðið yfir Santiago, höfuðborg Chile, síðustu daga og breiðst til annarra borga landsins. Umdeild fargjaldahækkun í neðanjarðarlestakerfi borgarinnar varð til þess að mótmælin brutust út.

Harpa Elín Haraldsdóttir hefur verið búsett í borginni í áratug og segir að skýringin felist í langvarandi óánægju með ráðamenn landsins. „Maður upplifir gjá milli stjórnmálamanna og almennings. Undanfarið hafa einnig komið upp nokkur svæsin spillingamál meðal grunnstofnana ríkisins, til dæmis innan lögreglunnar og hersins, sem hefur reitt fólk til reiði. Óvíst er hvernig ástandið þróast og segir Harpa að borgarbúar séu mjög óttaslegnir. – bþ / sjá síðu 2










## Veður




Snýst í norðanátt í dag, 10-18 um hádegi, en 18-23 suðaustan til síðdegis. Skúrir eða él norðvestan til, rigning eða slydda norðaustan til, en léttir til fyrir sunnan. Kólnandi veður og víða él norðan til á landinu í kvöld, en bjart fyrir sunnan.

SJÁ SÍÐU 14




**Ýmsa tölfræði má finna á hinum nýja vef.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Nýr vefur um félagsvísa

**SAMFÉLAG** Hagstofa Íslands hefur opnað sérstakan vef þar sem finna má félagsvísa og tölfræði tengda Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Markmið vefsins er að miðla tölulegum upplýsingum á þessu sviði á aðgengilegri hátt en áður.

Tilefni opnunar vefsins er evrópski tölfræðidagurinn sem haldinn var í gær en hagstofur álfunnar nota daginn til að vekja athygli á þýðingu og mikilvægi hagtalna fyrir samfélög.

Hagstofan hefur frá árinu 2012 unnið ásamt félagsmálaráðuneytinu að söfnun og birtingu samfélagslegra gagna undir heitinu félagsvísar. Þeim er ætlað að mæla mikilvæga þætti sem hafa bein áhrif á félagslega velferð fólks. Slóð vefsins er visar.hagstofa.is. – sar

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning
Það kostar ekkert.

# Ástandið í norðurhluta Sýrlands



Sýrlenskur stjórnarhermaður huggar unga stúlku sem særðist þegar jarðsprengja sprakk í Tal Abyad í norðurhluta Sýrlands. Kúrdar hafa samþykkt að draga hersveitir sínar frá svæðinu sem hluta af tímabundnu vopnahléi. Báðir aðildar höfðu um helgina uppi ásakanir um brot á samkomulaginu. Þá var tilkynnt að bandarísku hersveitirnar sem áður voru í Sýrlandi, um 1.000 hermenn, yrðu fluttar til Írak. NORDICPHOTOS/GETTY

## Alþingi ræðir sölu bankanna

**ALÞINGI** Sérstök umræða verður á þingfundi í dag um íslenskt bankakerfi og sölu á hlutum ríkisins í bönkunum. Það er Oddný G. Harðardóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, sem er málshefjandi umræðunnar en Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, verður til andsvara.

Íslenska ríkið fer í dag með allan eignarhlut Íslandsbanka og rúmlega 98 prósent í Landsbankanum. Samkvæmt eigendastefnu ríkisins er stefnt að því að selja allan hlutinn í Íslandsbanka en halda eftir 34 til 40 prósenta hlut í Landsbankanum. – sar



**Oddný G. Harðardóttir.**

# Maður finnur að fólk er virkilega óttaslegið

**Fordæmalausar óeirðir hafa staðið yfir í Santiago, höfuðborg Chile. Harpa Elín Haraldsdóttir hefur verið búsett í borginni í rúman áratug og segist upplifa þá einkennilegu tilfinningu að borgin hennar hafi breyst á einni nóttu.**

**CHILE** Um áratugaskeið hefur Chile verið stöðugasta ríki Suður-Ameríku. Á yfirborðinu hefur hagsældin verið mikil en undir niðri kraumar óánægja hins þögla meirihluta vegna spillingar og misskiptingar.

Kveikjan að mótmælunum í Santiago var hækkun stjórnvalda á miðum í neðanjarðarlestakerfi borgarinnar. Miðinn hækkaði aðeins um 5 krónur á hverja ferð en það var þó nóg til þess að allt varð vitlaust í höfuðborginni.

„Það er mikil stéttaskipting í Santiago. Það er ákveðinn hluti borgarbúa mjög efnaður og síðan er stór hluti borgarbúa sem nær varla endum saman. Þetta fólk býr oft á ódýrari svæðum lengra frá miðborginni og sækir vinnu eða skóla inn í borgina. Það treystir því mjög neðanjarðarlestakerfið. Þessi hækkun fór því mjög illa í fólk og varð til þess að mótmælin sprungu út. Fljótlega brutust út skelfilegar óeirðir,“ segir Harpa Elín.

Að hennar sögn er farmiðahækkunin þó bara toppurinn á ísjakanum. „Maður upplifir gjá milli stjórnmálamanna og almennings. Undanfarið hafa einnig komið upp nokkur svæsin spillingamál meðal grunnstofnana ríkisins, til dæmis innan lögreglunnar og hersins, sem hefur reitt fólk til reiði. Eitt málið var leyst þannig að hinir seku voru látnir sitja siðfræðitíma sem fór ekki vel í fólk. Þessi mótmæli eiga sér því mjög langan aðdraganda,“ segir Harpa Elín.

Að hennar sögn hafi stúdentar hafið mótmælin með því neita að borga hið hækkaða miðaverð og stökkva yfir gjaldahlið neðanjarðarstöðvanna. Síðan hafi þau breiðst hratt út og orðið að stjórnlausum óeirðum í borginni. Tugir neðanjarðarlestarstöðva hafa verið brenndar og um sextíu útibú verslunarkeðjunnar Lider, sem er í eigu Walmart, hafa orðið eldi að bráð. Forseti landsins, Sebastián Piñera, lýsti yfir neyðarástandi og dró síðan fargjaldahækkunina til baka. Þegar það dugði ekki til var tilkynnt um algjört útgöngubann í höfuðborginni.

„Það bann var virt að vettugi af stórum hluta borgarbúa. Í hverfinu sem ég bý í safnaðist fólk út á svalir og út á götur til að berja í potta og pönnur. Þetta var friðsamlegt en mjög áhrifaríkt.“

Harpa Elín segir ómögulegt að spá fyrir um hvernig ástandið muni þróast. „Neðanjarðarlestakerfið er lamað og þar með samgöngur í borginni allri. Skólar hafa verið felldir niður á morgun og í fréttum heyrir maður að mótmælin séu að breiðast út til annarra borga í landinu. Þetta er mjög einkennilegt ástand því þrátt fyrir friðsæld í mínu nærumhverfi þá finnur maður að fólk er virkilega óttaslegið,“ segir Harpa Elín. bjornth@frettabladid.is



**Loft er lævi blandið í Santiago, höfuðborg Chile.** NORDIC PHOTOS/GETTY

> Þetta er mjög einkennilegt ástand því þrátt fyrir friðsæld í mínu nærumhverfi þá finnur maður að fólk er mjög óttaslegið.
>
> Harpa Elín Haraldsdóttir





NÁNAR Í SÍMA 585 4000 EÐA Á UU.IS




Nettur og nýstárlegur Yaris er pottþétt týpa og hlaðinn orku með endurbættu Hybrid kerfi. Njóttu þess að fljúga gegnum daginn með gleðina, gæðin og umhverfið í fyrsta sæti. Komdu og reynsluaktu þessum eðalfína Yaris orkubolta hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota.

**2 ára þjónustupakki fylgir með öllum nýjum Yaris, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.**
**Allir nýir Toyota Hybrid bílar eru núna sporlausir í samstarfi við Kolvið.**
**7 ára ábyrgð fylgir öllum nýjum Toyota bifreiðum.**

2018 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

3+4 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

**Toyota Kauptúni** Kauptúni 6
**Toyota Akureyri** Baldursnesi 1
**Toyota Reykjanesbæ** Njarðarbraut 19
**Toyota Selfossi** Fossnesi 14

HYBRID

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARe og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1 Eyþór Arnalds um viðskipti sín í Árvakri** Oddviti Sjálfstæðismanna í borginni segist ekki hafa aukið við hlut sinn í Árvakri. Hann ræddi viðskipti sín í félaginu á Sprengisandi.

**2 Nærmynd af Sigurði Inga** Formaður Framsóknarflokksins er sagður B-týpa og sjarmatröll sem er traustur, einlægur og rómantískur.

**3 Erfitt að hætta í Vottum Jehóva** Donna Cruz, sem leikur eitt að aðalhlutverkunum í kvikmyndinni Agnesi Joy, var Vottur Jehóva í fimmtán ár. Hún flosnaði upp úr námi vegna þunglyndis en stundar nú nám í frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

# VG vill ganga lengra en kolefnishlutleysi 2040

**STJÓRNMÁL** Landsfundi Vinstri grænna lauk í gær en á fundinum var Katrín Jakobsdóttir endurkjörin formaður flokksins án mótframboðs. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, var sjálfkjörinn í sæti varaformanns. Þá var Ingibjörg Þórðardóttir kjörin nýr ritari flokksins og Rúnar Gíslason nýr gjaldkeri.



**Frá landsfundinum um helgina.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjölmargar ályktanir voru samþykktar á lokadegi fundarins. Þannig segir meðal annars í ályktun um heilbrigðismál að greiðsluþátttaka sjúklinga eigi að afnema í grunnþjónustu og að mönnun kerfisins þurfi að vera fullnægjandi.

Þá var samþykkt ályktun um loftslagsmál þar sem kallað er eftir því að gengið verði lengra en að ná kolefnishlutleysi árið 2040.

Einnig var samþykkt ályktun gegn vígvæðingu á norðurslóðum og hernaðaruppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Þar er lýst eindreginni andstöðu gegn frekari uppbyggingu Bandaríkjahers. Andstaðan við aðild að NATO er ítrekuð og aðrir flokkar hvattir til að taka upp þá stefnu.

Fundurinn lagði einnig til að frumvarp um 16 ára kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum yrði samþykkt og að gerðar yrðu breytingar á stjórnarskrá til að tryggja að sama aldursviðmið gildi við alþingiskosningar. **– sar**

# Áfrýjunarheimild SKE afnumin

**Samkvæmt nýju frumvarpi ráðherra um breytingar á samkeppnislöggjöfinni verður það á ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra að meta hvort þau megi eiga í samstarfi. Heimild eftirlitsins um að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar til dómstóla felld niður og veltimörk tilkynningarskyldra samruna eru hækkuð.**

**VIÐSKIPTI** Heimild Samkeppniseftirlitsins til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla, fyrirkomulag sem mjög hefur verið gagnrýnt af fulltrúum atvinnulífsins, verður afnumin samkvæmt nýju frumvarpi atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra þar sem boðaðar eru miklar breytingar á samkeppnislöggjöfinni. Þá verður fellt úr lögum það hlutverk eftirlitsins að veita undanþágu fyrir samstarfi fyrirtækja, meðal annars í því skyni að auka skilvirkni og hagræði fyrir atvinnulífið, heldur að þau meti þess í stað sjálf hvort skilyrði samkeppnislaga um samstarf sé fyrir hendi, líkt og er gert víða í Evrópu.

Í frumvarpi Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur ráðherra, sem verður lagt fram í dag, mánudag, er einnig kveðið á um að heimild Samkeppniseftirlitsins til íhlutunar í starfsemi fyrirtækja, án þess að þau hafi gerst brotleg við samkeppnislög, verði felld út. Eftirlitið hefur ekki beitt þeirri heimild frá því að hún var tekin upp árið 2011 en í greinargerð með frumvarpinu segir að vegna þess hve almennt ákvæðið sé og beiting þess ófyrirsjáanleg megi halda því fram að það „skapi fyrirtækjum hér á landi ákveðna réttaróvissu“. Bent er á að samkeppnisyfirvöld í öðrum EES-ríkjum hafi almennt ekki jafn víðtækar valdheimildir.

Í stuðningi sínum við undirritun lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði fyrr á árinu lýsti ríkisstjórnin því yfir að samkeppnislöggjöfin yrði endurskoðuð með það að markmiði að einfalda framkvæmd þeirra og auka skilvirkni.

Samkvæmt frumvarpinu verða veltumörk tilkynningarskyldra samruna, sem hafa haldist óbreytt frá 2008, hækkuð nokkuð frá því sem nú er. Ef samanlögð ársvelta fyrirtækja sem vilja sameinast er þrír milljarðar eða að minnsta kosti tvö fyrirtækjanna hafa yfir 300 milljóna ársveltu hér á landi beri þeim þannig skylda til að tilkynna samrunann til eftirlitsins. Í dag miðast mörkin við annars vegar tvo milljarða og hins vegar 200 milljónir. Nái frumvarpið fram að ganga verða veltimörkin sem hlutfall af landsframleiðslu nokkuð hærri hér á landi en í Noregi, Danmörku og Svíþjóð sem þýðir að samrunar sem eru hlutfallslega stærri miðað við stærð íslenska hagkerfisins verða ekki tilkynningarskyldir borið saman við önnur ríki á Norðurlöndum.



**Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þá er í frumvarpinu einnig lögð til sú breyting að forstjóri Samkeppniseftirlitsins verði ráðinn af stjórn til fimm ára í senn og aðeins verði hægt að ráða sama manninn tvisvar og er vísað til þess að fylgt sé sama fyrirkomulagi og í nýlega samþykktum lögum um Seðlabankann. Samkvæmt núgildandi lögum er forstjóri ráðinn af stjórn ótímabundið en í greinargerð með frumvarpinu er bent á að í tímabundinni skipun felist „ákveðið aðhald og endurnýjun sem nauðsynleg er í æðstu embættum ríkisins“. Ekki er talið að breytingarnar „muni á nokkurn hátt hafa áhrif á sjálfstæði stofnunarinnar“ og munu nýjar reglur ekki gilda afturvirkt og ná til núverandi forstjóra, Páls Gunnars Pálssonar, en hann hefur stýrt Samkeppniseftirlitinu frá árinu 2005.

Í rökum fyrir því að afnema heimild Samkeppniseftirlitsins til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla er bent á í greinargerð frumvarpsins að með því sé verið að tryggja réttaröryggissjónarmið og gæta að réttlátri málsmeðferð á lægra stjórnsýslustigi. Með núverandi fyrirkomulagi, sem var komið á 2011, sé „dregið úr þessari vernd auk þess sem málskotsheimild er til þess fallin að minnka vægi nefndarinnar þar sem lægra setta stjórnvaldið getur ávallt skotið úrskurði til dómstóla ef það er ekki sammála endurmati æðra setta stjórnvaldsins. Þá er einnig ljóst að heimildin getur orðið til þess að lengja málsmeðferð mála og valda þannig fyrirtækjum og Samkeppniseftirlitinu auknum kostnaði.“

Þá er markmiðið með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu að það verði alfarið á ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra að meta hvort lögbundin skilyrði eru fyrir samstarfi sagt það að „auka skilvirkni og hagræði fyrir atvinnulífið“. Þær kröfur sem nú séu gerðar geti leitt til tafa á afgreiðslu og að fyrirtæki veigri sér þá við því að fara þá leið að leita eftir undanþágu og verði þannig af þeim ábata sem af mögulegu samstarfi kann að leiða. Mikilvægt sé að atvinnulífið hafi „nægjanlegt svigrúm til að bregðast við aðstæðum hverju sinni“.

Sú breyting á samkeppnislöggjöfinni er í samræmi við það sem kom fram í hvítbókinni um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið en þar sagði meðal annars að mikilvægt væri að fjármálafyrirtæki geti haft með sér ákveðið samstarf um sameiginlega innviði svo lengi sem það skerðir ekki samkeppni þar sem henni verður við komið.

**hordur@frettabladid.is**

## Helstu atriði frumvarpsins:

- Heimild til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar til dómstóla afnumin
- Veltumörk tilkynningarskyldra samruna hækkuð
- Fyrirtækin meti sjálf hvort skilyrði til samstarfs séu fyrir hendi
- Heimild til íhlutunar án brots fyrirtækja felld út
- Hámarks ráðningartími forstjóra verði tvisvar sinnum fimm ár



**Hatari á sviði.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Fleiri lög send í Eurovision

**EUROVISION** Alls voru 157 lög send inn til Söngvakeppni Sjónvarpsins í ár sem er 25 fleiri en í fyrra, að því er fram kemur í tilkynningu frá RÚV.

Keppnin mun fara fram í Rotterdam í Hollandi á næsta ári. Björg Magnúsdóttir, sem situr í framkvæmdastjórn keppninnar, segist ekki telja að sektin sem RÚV greiddi vegna uppátækis Hatara, muni hafa áhrif á Söngvakeppnina í ár.

Sjö manna valnefnd mun koma til með að velja tíu lög af þeim sem bárust og verða þau kynnt í janúar. Auk þess bað RÚV vinsæla lagahöfunda um að semja hluta laganna. Undankeppnir fara fram þann 8. og 15. febrúar í Háskólabíó og munu úrslitin ráðast þann 29. febrúar næstkomandi í Laugardalshöll. **– oæg**





ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep THERE'S ONLY ONE


GÓÐGERÐARPIZZAN
GOTT MÁL
2019
Pepperoni, rauðlaukssulta, sterkt pepperoni, fetaostur, græn paprika og sveppir
ÖLL SALAN RENNUR ÓSKIPT
Í MINNINGARSJÓÐ LOFTS GUNNARSSONAR
Fjárhæðin verður notuð til að styðja „Aftur út í lífið“ sem er verkefni á vegum sjóðsins. Áhersla Domino's er að styrkja opnun dagrýmis fyrir heimilislausa, öruggt athvarf yfir daginn þar sem boðið verður upp á afþreyingu og stuðning.
AÐEINS Á MATSEÐLI
21.–25. OKTÓBER
„Góðgerðarpizzan í ár ætti að gleðja þá sem kunna að meta gott pepperoni. Á pizzuna setti ég græna papriku, sveppi, fetaost — og svo tvenns konar pepperoni, þetta sívinsæla og svo sterkt pepperoni sem gefur kryddaðan og bragðmikinn keim. Leynivopnið er svo rauðlaukssultan sem ég gerði sérstaklega fyrir Góðgerðarpizzuna. Njótið vel!“
Hrefna Sætran
Lítil: 2.040 kr. Mið: 3.340 kr. Stór: 3.880 kr. Pönnu: 3.880 kr.
Ali
Coca-Cola
DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345
Brandenburg | SÍA










**Héraðssaksóknari segir það óheppilegt að brot lögreglumanna sem framin eru utan vinnutíma séu rannsökuð af lögreglustjóra eins og önnur brot. Þannig séu samstarfsmenn að rannsaka brot vinnufélaga.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bæta megi meðferð mála gegn lögreglu

**Héraðssaksóknari og formaður nefndar um eftirlit með lögreglu telja vankanta á eftirliti með starfsemi og starfsháttum lögreglu. Óheppilegt að sami aðili rannsaki bæði brot gegn valdstjórninni og kærur á hendur lögreglu.**

**LÖGREGLUMÁL** Héraðssaksóknari telur vankanta vera á fyrirkomulagi rannsókna og saksóknar fyrir refsiverð brot lögreglumanna. Þetta kemur fram í umsögn héraðssaksóknara til allsherjar- og menntamálanefndar um tillögu Pírata um sjálfstætt eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu. Þeir þættir sem nefndir eru í umsögninni lúta að meginreglunni um hlutleysi og sjálfstæði ákæruvaldsins.

Lögreglumenn hjá embætti héraðssaksóknara rannsaka bæði meint brot einstaklinga gegn valdstjórninni og kærur á hendur lögreglumönnum. „Það gerist oft að sama atvik leiðir til rannsóknar á meintu valdstjórnarbroti og rannsóknar á meintu broti lögreglu í starfi. Það getur verið óheppilegt,“ segir Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari, spurð nánar um umsögnina.

Héraðssaksóknari fer með ákæruvald í alvarlegustu brotum á hegningarlögum svo sem manndráp og alvarleg líkamsárásarmál og kynferðisbrotamál. Slík mál eru rannsökuð af lögreglustjórum, hverjum í sínu umdæmi. „Lögreglumenn sem koma að þessum málum eru því oft vitni þegar málin fara fyrir dóm og kallar það á nokkur samskipti við lögreglumenn,“ segir Kolbrún.

Hún bendir einnig á að brot lögreglumanna sem framin eru utan vinnutíma, séu rannsökuð af viðkomandi lögreglustjóra eins og önnur brot. „Það getur að sjálfsögðu verið óheppilegt að samstarfsmenn rannsaki brot vinnufélaga sinna,“ segir Kolbrún.

> **Það getur að sjálfsögðu verið óheppilegt að samstarfsmenn rannsaki brot vinnufélaga sinna**
>
> Kolbrún Benediktsdóttir héraðssaksóknari

Í tillögu Helga Hrafns Gunnarssonar um sjálfstætt eftirlit með lögreglu er lagt til að komið verði á fót sérstakri stofnun á vegum Alþingis sem hafi sjálfstætt eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu. Stofnunin hefði það hlutverk að hefja athugun mála að eigin frumkvæði, taka við kærum einstaklinga sem telja lögreglu hafa brotið gegn réttindum sínum, rannsaka ætluð brot lögreglumanna í starfi, rannsaka tilkynningar um einelti og kynferðislega áreitni innan lögregluliða og rannsaka efni nafnlausra ábendinga innan lögreglu eða stjórnsýslu. Þá verði einnig kannað hvort slík stofnun gæti farið með ákæruvald í málum sem undir hana heyra.

Aðspurð um ákæruvald hjá slíkri stofnun segist Kolbrún ekki hafa tekið afstöðu til þess hvort slík leið væri heppileg. Það kalli á sérstaka skoðun en misjafnt sé á Norðurlöndum hvor leiðin sé farin.

„Öll umræða um málaflokkinn er hins vegar af hinu góða enda miklir hagsmunir fólgnir í því að traust ríki um hann, bæði hjá borgurunum og eins hjá starfsmönnum lögreglu,“ segir Kolbrún.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir helgi hefur nefnd um eftirlit með lögreglu einnig veitt umsögn um málið og telur nefndin að þörf sé fyrir öflugra eftirlit með lögreglu og ríkari og víðtækari rannsóknarheimildir en nefndin hefur nú.

Í umsögninni segir að það myndi auka slagkraft nefndarinnar verulega „ef bæði lagaheimildir nefndarinnar og starfsumhverfi gerðu það kleift að hjá nefndinni væri starfandi rannsakandi sem kæmi að rannsókn þeirra mála sem nefndin hefði til meðferðar hverju sinni“.

Hlutverk nefndarinnar er að koma kvörtunum vegna lögreglu í viðeigandi farveg og eftir atvikum koma með athugasemdir við afgreiðslu og meðferð mála. Nefndin hefur hins vegar engar sjálfstæðar rannsóknarheimildir og getur ekki beitt lögreglumenn eða lögreglustjóra viðurlögum. **adalheidur@frettabladid.is**

# Hafa enn trú á Brexit í lok mánaðar

**BRETLAND** Breska ríkisstjórnin hefur enn ekki útilokað að hægt verði að standa við útgöngu landsins úr ESB 31. október næstkomandi eins og stefnt hefur verið að.

Boris Johnson forsætisráðherra varð fyrir enn einu áfallinu á laugardag þegar þingmenn neðri deildar samþykktu breytingartillögu sem neyddi hann til að sækja um frest á Brexit. Þannig þyrfti að vera búið að samþykkja allar nauðsynlegar lagabreytingar vegna Brexit áður en hægt yrði að afgreiða samninginn.

Þingið kom saman á laugardegi í fyrsta sinn í 37 ár til að fjalla um Brexit samninginn sem Johnson náði í Brussel fyrir helgi. Eftir



**Andstæðingar Brexit mótmæltu um helgina.** NORDICPHOTOS/GETTY

atkvæðagreiðsluna var sent bréf til Brussel til að biðja um frest en það var þó ekki undirritað af forsætisráðherranum. Annað bréf var sent þar sem Johnson útskýrði af hverju hann teldi frestun vera mistök.

Dominic Raab utanríkisráðherra sagðist í gær vera vongóður um að nægur fjöldi þingmanna styðji Brexit samninginn. Hægt yrði að afgreiða hann í vikunni og standa við dagsetningu útgöngu. **– sar**



# Sjö ár liðin

Stjórnarskrárfélagið fagnaði því í gær að sjö ár voru liðin frá þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá. Valgarður Gíslason, ljósmyndari Fréttablaðsins, leit við á Sólon þar sem hátíðardagskrá fór fram.









HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

BJÓÐUM 12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN

# DROTTNINGA DAGAR

## DROTTNING VIKUNNAR



# DAISY

STÆRÐ 160X200 CM

**DROTTNINGARVERÐ**

**77.238 KR.**

**FULLT VERÐ 110.340 KR.**

- 5 SVÆÐASKIPT HEILSURÚM
- STYRKTIR KANTAR
- FRÁBÆR AÐLÖGUN
- GÓÐ ÞYNGDARDREYFING
- INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA, BOTN OG FÆTUR

**30% AFSLÁTTUR**

**KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP**

BJÓÐUM 12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN

rekkjan HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

# Illskan



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Hættuleg öfl hafa náð fótfestu víða í Evrópu og halda ótrauð áfram að leita fanga. Þeim verður nokkuð ágengt eins og sást mjög greinilega á niðurstöðum kosninga í Póllandi á dögunum þar sem stjórnarflokkurinn Lög og réttlæti hlaut meirihluta á þingi. Flokkur sem berst hatrammlega gegn réttindum samkynhneigðra. Það er óendanlega hryggilegt að flokkur með þær áherslur hafi komist í ríkisstjórn á sínum tíma og enn dapurlegra að pólskir kjósendur hafi nú klappað hann upp.

Í aðdraganda kosninganna birtust viðtöl við stuðningsfólk flokksins sem lýsti yfir þungum áhyggjum af velferð barna vegna tilvistar samkynhneigðra. Þar var ekki bara gefið í skyn heldur sagt berum orðum að börnum væri ekki óhætt innan um samkynhneigða. RÚV sendi öflugan fréttamann sinn til Póllands og í viðtölum kom fram að samkynhneigðir einstaklingar óttast jafnvel um líf sitt. Formaður pólskra baráttusamtaka varaði við því að ofbeldi gegn samkynhneigðum gæti orðið að fjöldamorði. Þannig er staðan í Póllandi árið 2019 meðal þjóðar sem varð að þola skelfilegar þjáningar í seinni heimsstyrjöld.

Allir sem hafa kynnt sér sögu 20. aldar, hvort sem það er ítarlega eða einungis lítillega, hljóta að staldra við sögu fasisma og nasisma og skelfingar helfararinnar og spyrja sig: „Hvernig gat þetta gerst? Hvers konar fólk var það eiginlega sem gekk þessum öflum á hönd og lagði blessun sína yfir ofsóknir gegn gyðingum, samkynhneigðum, sígaunum og fötluðum?" Ofur auðvelt er svo að bæta við í huganum hinni huggunarríku hugsun: „Þetta gæti ekki gerst í Evrópu nútímans."

Um leið og samfélög eru farin stimpla ákveðna hópa sem hættulega og og vilja svipta þá mannréttindum er ástæða til að hrökkva við. Hatur á múslimum er áberandi, fjölmargir hika ekki við að skilgreina þá sem afar líklega hryðjuverkamenn. Samkynhneigðir einstaklingar fá á sig stimpil barnaníðinga. Andúð gegn gyðingum hefur svo blossað upp víða.

Hættuleg öfl eru á sveimi í Evrópu og leggja fæð á ákveðna hópa sem fyrir vikið geta ekki lifað fullkomlega öruggu lífi. Þessi öfl njóta stuðnings fólks sem lætur ekki hvarfla að sér að það sé að ganga illum málstað á hönd. Það horfir fram hjá þeirri staðreynd að allar hreyfingar og öll þau öfl sem leggja hatur á ákveðna hópa eru hættuleg. Það er ekki hægt að leiða þessi öfl hjá sér, ekki er í boði að sitja með hendur í skauti og láta sem ekkert sé.

Ekki er langt síðan erlendir nýnasistar spröngnuðu um Lækjartorg í tilraun til að fá Íslendinga til liðs við málstaðinn. Blessunarlega varð þeim ekkert ágengt. Það þýðir þó ekki að hatursöfl fái engan hljómgrunn hér á landi. Það er engan veginn hægt að neita því að andúð gegn múslimum er staðreynd og enn verða einstaklingar fyrir aðkasti vegna kynhneigðar sinnar og verða jafnvel að þola ofbeldi þess vegna.

Íslenskir kjósendur bera ábyrgð, það er þeirra að greiða götu stjórnmálaflokka sem hafa mannúð, mildi og víðsýni í hávegum.

**Þessi öfl njóta stuðnings fólks sem lætur ekki hvarfla að sér að það sé að ganga illum málstað á hönd.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Sölsuðu undir sig stjórnarskrá**

Í gær voru sjö ár síðan Íslendingar samþykktu nýja stjórnarskrá í þjóðaratkvæðagreiðslu. Tímamótanna var minnst með viðburði á Sólon um miðjan dag. Tímasetningin var nokkuð athyglisverð í ljósi þess að á sama tíma var stórleikur Liverpool og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni. Ekki skal fullyrt að það hafi haft áhrif á mætingu en að minnsta kosti þurfti ekki að vísa fólki frá. Í lok viðburðarins mætti salsakennari á vettvang og kom fundargestum á hreyfingu. Gátu fundargestir því notið þess að sjá Þorvald Gylfason dansa salsa undir slagorðinu: „HVAR ER NÝ STJÓRNARSKRÁ?" Kannski var prófessorinn að dansa til að gleyma.

**Mörgum skítsama**

Öll nótt er þó ekki úti enn. Síðar sama dag fengu stjórnarskrárliðar liðsauka þar sem Samfylkingin og Píratar tilkynntu að þingmenn flokkanna hygðust leggja fram frumvarp að nýrri stjórnarskrá byggt á vinnu stjórnlagaráðs. Auðvitað er útilokað að málið nái fram að ganga en framtakið blæs þó kannski lífi í kulnandi glæður stjórnlagaskráarinnar. Ekki var vanþörf á miðað við niðurstöður nýlegrar könnunar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Þar sögðust 37% aðspurðra vera ánægðir með núverandi stjórnarskrá en 27% óánægðir. Restinni var skítsama.

bjornth@frettabladid.is

# Ábyrgð Íslands í samfélagi þjóðanna



Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkisráðherra

Íslendingum er í mun að leggja sitt af mörkum í samfélagi þjóðanna. Í nýlegri könnun kemur fram að 86% þjóðarinnar telji það siðferðislega skyldu Íslands að draga úr fátækt í þróunarríkjum.

Íslendingar nutu á sínum tíma góðs af lánum frá Alþjóðabankanum á árunum 1951-1973 til uppbyggingar innviða í okkar eigin samfélagi og þarf tæpast að fjölyrða um þá framþróun sem orðið hefur á Íslandi frá miðri síðustu öld. Í dag er Alþjóðabankinn hins vegar einn helsti vettvangur íslenskrar þróunarsamvinnu og næstu tvö árin situr Ísland í stjórn bankans fyrir hönd kjördæmis Eystrasaltsríkjanna og Norðurlandanna.

Alþjóðaframfarastofnunin (IDA) er ein fimm stofnana Alþjóðabankans og sú þeirra sem aðstoðar fátækustu þróunarríkin. Á hverju ári leggur hún fram um 2.500 milljarða íslenskra króna til hagstæðra lána og nýrra verkefna í fátækum löndum þar sem búa tveir af hverjum þremur sárafátækustu íbúum heimsins.

Fjármunum er m.a. varið í bætt aðgengi og gæði heilbrigðisþjónustu og grunnmenntunar í þessum löndum. IDA er einnig lykilstofnun í fjármögnun aðgerða í loftslagsmálum og hefur lagt aukna áherslu á að skapa og styðja við markaði í fátækustu ríkjunum til að fá hjól atvinnulífsins til að snúast. Sem framlagsríki kemur Ísland að mótun stefnu og forgangsmála IDA.

Íslendingar geta verið stoltir af 58 ára farsælu samstarfi við IDA en með því höfum við gegnum tíðina átt þátt í að bólusetja 330 milljónir barna, veita 96 milljónum manna aðgang að heilnæmu vatni og 769 milljónum manna grunnheilbrigðisþjónustu – en slíkur var árangurinn af verkefnum IDA undanfarin átta ár.

Í nýrri stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu segir að með virkri þátttöku leitist Ísland við að uppfylla skyldur sínar sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna. Þátttaka Íslands í IDA er mikilvægur hluti af því starfi.

**Í nýlegri könnun kemur fram að 86% þjóðarinnar telji það siðferðislega skyldu Íslands að draga úr fátækt í þróunarríkjum.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Sagan af stjórnarskránni

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Mér finnst mjög mikilvægt að íslenska þjóðin eignist nýja stjórnarskrá. Mér fannst ferlið sem hannað var til að skrifa svoleiðis skjal fyrir nokkrum árum vera sallafínt, lýðræðislegt og fagurt. Þjóðfundur í Laugardalshöll lagði línurnar. Svo var kosið stjórnlagaþing sem skrifaði plaggið og afhenti það Alþingi sem átti að klára málið. Mér finnst ömurlegt að Alþingi hafi brugðist. Málið strandaði í sölum þess.

Um þessar mundir eru sjö ár frá því að efnt var til þjóðaratkvæðagreiðslu um meginatriði nýju stjórnarskrárinnar. Afstaða kjósenda var skýr og ferlið naut afgerandi stuðnings. Þeim mun skammarlegra var það fyrir Alþingi að klára ekki málið.

Sem þingmaður á þessum árum var ég í ágætri stöðu til að fylgjast með framvindunni. Ég hef velt henni talsvert fyrir mér síðan. Hvað gerðist? Af hverju fór þetta svona?

**Margir eiga skiljanlega erfitt með að sætta sig við að nýja stjórnarskráin hafi mætt þessari andstöðu.**

**Kjaftað í kaf**

Jú, tveir stjórnmálaflokkar reyndust mjög augljóslega á móti þessu öllu saman þegar hólminn var komið. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn lögðust mjög gegn því að nýja stjórnarskráin yrði afgreidd af Alþingi. Málþófið var linnulaust. Stjórnarskrármálið afhjúpaði þannig mjög meinlegan galla sem er á þingsköpum Alþingis. Á þingi ræður minnihlutinn. Með því að tala. Þetta er ekki hægt að stoppa, því jafnvel þótt ákvæði til að þvinga fram atkvæðagreiðslu hefðu verið notuð, þá er samt hægt að tala. Þingsköpin eru míglek þegar kemur að þessu.

Og tíminn var knappur. Stjórnarskráin var til umfjöllunar á þingi á kosningavori. Það þurfti að afgreiða hana fyrir kosningar. Í slíkri tímaþröng var málþófið enn áhrifaríkara.

Margir eiga skiljanlega erfitt með að sætta sig við að nýja stjórnarskráin hafi mætt þessari andstöðu. Í andstöðunni kom auðvitað fram ömurlegt virðingarleysi gagnvart lýðræðislegu ferli og vilja almennings. En hún var þarna samt. Það er mikilvægt að reyna að skilja úr hverju hún spratt.

Til voru þeir þingmenn sem vildu þetta aldrei. Þeir fengu vopn í hendurnar þegar Hæstiréttur í fáránlegum úrskurði sínum dæmdi kjörið til stjórnlagaþings ógilt, og þingið var eftir það kallað ráð. Andstæðingum var þar með í lófa lagið, á grunni smásmugulegra formgalla á kosningunni, að segja ferlið ekki lýðræðislegt. Strax á þessum tímapunkti var ljóst að vegurinn að nýrri stjórnarskrá yrði þyrnum stráður. Þess vegna var efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögurnar. Hún átti að styrkja ferlið aftur með stuðningi almennings.

Um þjóðaratkvæðagreiðsluna ríkti hins vegar aldrei sameiginlegur skilningur. Fól niðurstaðan í sér að nákvæmlega þessi texti, sem stjórnlagaráð hafi skrifað, skyldi verða óbreyttur að nýrri stjórnarskrá? Eða átti bara að byggja á honum? Var atkvæðagreiðslan bindandi eða bara ráðgefandi? Um þetta er enn þá deilt af töluverðri lipurð, sem er bagalegt.

**Var meirihluti?**

Það var því ekki flókið fyrir andstæðinga, úr því sem komið var, að þyrla upp alls konar moldviðri. Fleira bættist við. Þegar stjórnarskráin kom inn í þingið þurfti hún auðvitað, lögum samkvæmt, að fá efnislega umfjöllun eins og öll önnur frumvörp. Þetta þýddi að alls konar umsagnir og athugasemdir komu frá hinum og þessum aðilum. Það er lýðræðislegt og fagurt líka. Sumar þessar athugasemdir voru mjög veigamiklar og erfitt að líta fram hjá þeim. Umboðsmaður Alþingis sendi til dæmis langa umsögn þar sem hann fór kyrfilega yfir mjög stór atriði sem þyrfti að laga. Ég man að á þeim nefndarfundi setti marga hljóða, því jafnvel þótt maður styddi nýja stjórnarskrá af heilum hug, þá var erfitt að horfa fram hjá svo málefnalegum og vel ígrunduðum málflutningi.

Líklega hefði vel verið hægt að bregðast við og gera gott skjal enn þá betra, ef vilji hefði staðið til þess. Þá bankaði hins vegar annar veruleiki upp á. Andstöðu við stjórnarskrána var á þessum tímapunkti farið að gæta á meðal þingmanna stjórnarflokkanna. Það var því orðin nokkuð aðkallandi spurning hvort nýja stjórnarskráin hefði yfirleitt meirihluta á þingi. Ég sá ekki betur en að klókir stjórnarþingmenn pössuðu sig á því að láta ekki andstöðu sína mikið í ljós, til að styggja ekki kjósendahóp sinn. Þeir treystu því frekar að málið kæmi aldrei til atkvæða. Stjórnarandstaðan sá um það.

**Málið dautt**

Á vormánuðum 2013 má því segja að þetta ferli hafi verið komið allverulega út í skurð. Allt í rugli. Málþóf. Óeining. Athugasemdir. Tímaþröng. Varla meirihluti. Og það sem meira er: Jafnvel þótt það hefði tekist að koma málinu í gegnum þetta ósamvinnuþýða þing með töfra- eða bolabrögðum, þá hefði einungis hálfur sigur unnist. Næsta þing hefði þurft að samþykkja plaggið líka. Tvö þing þarf til að samþykkja stjórnarskrárbreytingar. Öllum var ljóst að næsta þing, með Framsókn og Sjálfstæðisflokk í meirihluta — eins og allt stefndi í — myndi aldrei samþykkja frumvarpið. Málið var því dautt.

Í bili.


TM

## HLUTHAFAFUNDUR Í TRYGGINGAMIÐSTÖÐINNI HF. 13. NÓVEMBER 2019

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. boðar til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður miðvikudaginn 13. nóvember 2019 kl. 16:00 í fundarsal félagsins að Síðumúla 24, Reykjavík, 4. hæð.

### Dagskrá

1. Tillaga um samþykki fyrir ákvörðun stjórnar félagsins um kaup á öllu hlutafé í lánafyrirtækinu Lykill fjármögnun hf.
2. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
3. Tillaga um heimild stjórnar til að hækka hlutafé í félaginu.
4. Önnur mál löglega fram borin.

**Um tillögu samkvæmt dagskrárlið 1**
Félagið hefur samið við Klakka ehf. um kaup á öllu hlutafé Lykils fjármögnunar hf. og kaupsamningur þess efnis var undirritaður þann 10. október 2019. Viðskiptin eru háð samþykki Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins, svo og samþykki hluthafafundar í Tryggingamiðstöðinni hf. Stjórn félagsins leggur til að hluthafar samþykki kaup félagsins á öllu hlutafé Lykils fjármögnunar hf. enda er það álit stjórnar að viðskiptin séu félaginu hagfelld.

**Um tillögu samkvæmt dagskrárlið 2**
Lögð er fyrir fundinn svohljóðandi tillaga um breytingar á samþykktum félagsins:

a. 1. gr. samþykktanna hljóði svo: „Félagið er hlutafélag. Nafn þess er TM hf.“
b. 3. gr. samþykktanna hljóði svo: „Tilgangur félagsins er eignarhald á hlutum í félögum á sviði fjármála-, lána- og fjárfestingastarfsemi, vátryggingastarfsemi og annars skylds rekstrs. Enn fremur eignarhald og rekstur fasteigna, eigin fjárfestingarstarfsemi og þjónusta við dótturfélög.“

**Um tillögu samkvæmt dagskrárlið 3**
Til að fjármagna kaup á Lykli fjármögnun hf. leggur stjórn til að henni verði veitt heimild til að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 125.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Tillaga stjórnar felur í sér að hluthafar hafi forgangsrétt til nýrra hluta sem verða gefnir út á grundvelli heimildarinnar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 og samþykktir félagsins. Efnt verður til almenns hlutafjárútboðs til að safna áskriftum að hinum nýju hlutum þar sem núverandi hluthafar njóta forgangsréttar í samræmi við hlutafjáreign sína en almennum fjárfestum verður gefinn kostur á að skrá sig fyrir þeim hlutum sem forgangsréttarhafar nýta sér ekki. Í útboðsferlinu er stjórninni veitt heimild til að ákvarða útboðsgengi hluta, áskriftar- og greiðslufresti og sölureglur að öðru leyti.

Arion banka hf. verður falið að hafa umsjón með útboðinu sem mun fara fram jafnskjótt og útboðslýsing hefur verið gerð og skylt er gefa út í tengslum við útboðið.

Í tillögu stjórnar felst jafnframt breyting á samþykktum félagsins á þann veg að við þær bætist eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:
„Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 125.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar njóta forgangs til áskriftar að hinum nýju hlutum í samræmi við hlutafjáreign sína en almennum fjárfestum verður gefinn kostur á að skrá sig fyrir þeim hlutum sem forgangsréttarhafar nýta sér ekki. Andvirði hlutafjáraukningarinnar skal notað til fjármögnunar á kaupum félagsins á öllu hlutafé Lykils fjármögnunar hf. Stjórn félagsins ákveður útboðsgengi þessara hluta, sölureglur, fresti til áskriftar og fresti til greiðslu þeirra. Stjórn félagsins skal heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við útgáfuna. Heimild þessi fellur úr gildi eigi síðar en 31. mars 2021.“

**Um dagskrárlið 4**
Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða rafrænt á netfangið stjorn@tm.is í síðasta lagi 3. nóvember næstkomandi.

**Nánar um fundinn og framkvæmd hans**
Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð á eyðublaði eða í samræmi við eyðublað sem aðgengilegt er á vef félagsins, tm.is/fjarfestar. Rafrænt umboð skal sent félaginu á netfangið stjorn@tm.is áður en fundur hefst.

Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Óski hluthafi að taka fyrir fram þátt í atkvæðagreiðslu skriflega og fá sendan atkvæðaseðil skal hann gera skriflega kröfu þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn. Að auki er unnt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma (kl. 09:00 til 16:00) til og með þriðjudeginum 12. nóvember 2019, en fyrir lokun þann dag skal einnig skila þangað útsendum atkvæðaseðlum. Nánar fer um atkvæðagreiðsluna og gildi atkvæða samkvæmt henni eftir reglum félagsins um atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar, settum af stjórn félagsins 18. desember 2013.

Dagskrá hluthafafundarins og tillögur sem fyrir hann verða lagðar, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um fundinn má finna á vef félagsins (www.tm.is/fjarfestar).

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en hann hefst og fengið fundargögn afhent.

**Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.**

TM, Síðumúla 24, 108 Reykjavík · 515 2000 · tm.is

# Grealish vekur nú athygli á réttum forsendum

**Þegar Jack Grealish var að brjóta sér leið í aðallið Aston Villa bárust reglulega vafasamar fregnir af honum. Nú er öldin önnur og tíðindin jákvæðari.**

**ENSKI BOLTINN** Jack Grealish var í broddi fylkingar í endurkomu Aston Villa á móti Brighton í níundu umferð ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla um helgina. Grealish jafnaði metin fyrir nýliðana og átti svo stoðsendinguna í sigurmarki Aston Villa sem Matt Targett skoraði.

Aston Villa hefur nú haft betur í tveimur leikjum í röð í deildinni og er enn fremur taplaust í síðustu þremur leikjum sínum. Uppskeran eftir níu umferðir er 11 stig sem þýðir að liðið situr í 11. sæti deildarinnar. Þetta er í fyrsta skipti síðan árið 2015 sem Aston Villa fer með sigur af hólmi í tveimur deildarleikjum í röð í efstu deild.

Þetta var annað mark Grealish í deildinni á yfirstandandi leiktíð en hann hefur þar að auki lagt upp þrjú mörk fyrir samherja sína. Hann hefur því komið að þriðjungi marka Aston Villa í vetur en hann er þar að auki oft sá sem hefur álitlegar sóknir liðsins af miðsvæðinu. Þessi 24 ára gamli sóknartengiliður hefur þráfaldlega verði orðaður við brottför frá Aston Villa til stærri liða í gegnum tíðina en hann hélt tryggð við uppeldisfélag sitt og ætlar nú að sjá til þess að liðið festi sig í sessi í efstu deild.

Grealish hefur ávallt stutt Aston Villa og hóf að æfa með liðinu sex ára gamall. Það var svo 13 árum síðar sem Grealish lék sinn fyrsta deildarleik fyrir liðið en þá kom hann inn á fyrir Ryan Bertrand í tapi gegn Manchester City. Tæpu ári síðar hóf hann sinn fyrsta leik fyrir Aston Villa og vorið 2015 átti hann stórleik þegar liðið lagði Liverpool að velli í undanúrslitum ensku bikarkeppninnar. Grealish lagði upp sigurmark Fabian Delph. Hann spilaði svo allan leikinn þegar Aston laut í lægra haldi fyrir Arsenal í úrslitaleiknum.

**Rataði á síður fjölmiðlanna vegna uppátækja sinna**

Honum fylgdu einnig vandræði utan vallar og Tim Sheerwood sem þá var knattspyrnustjóri Aston Villa kom sínum manni til varnar þegar enskir fjölmiðlar birtu mynd af honum að anda að sér hláturgasi vorið 2015. Öllu jákvæðari fregnir bárust hins vegar af honum um haustið sama ár þegar hann skoraði sitt fyrsta mark fyrir Aston Villa.

Keppnistímabilið 2015 til 2016 er hins vegar tímabil sem Grealish vill sennilega gleyma þar sem hann spilaði 16 deildarleiki á þeirri leiktíð og beið ósigur í þeim öllum. Aston Villa féll vorið 2016 en liðið hafnaði í neðsta sæti deildarinnar. Tímabilið þar á eftir byrjaði ekki gæfulega hjá Grealish þar sem hann var nappaður í partýi sem dróst fram á morgun á hóteli í Birmingham og Tony Xia, þáverandi eigandi Aston Villa, skammaði hann á Twitter-síðu sinni. Skömmu síðar var Grealish svo úrskurðaður í þriggja leikja bann fyrir að traðka á Conor Coady, leikmanni Wolves, í leik liðanna.

Leiktíðina 2017 til 2018 mistókst Aston Villa svo að komast upp í efstu deild og vegna fjárhagsvandræða liðsins var talið að félagið þyrfti að selja Grealish og fleiri lykilleikmenn liðins. Grealish þakkaði stuðningsmönnum Aston Villa fyrir að loknum síðasta leik þess tímabils með þeim hætti að talið var að hann væri á förum frá félaginu.

Forráðamenn Tottenham Hotspur voru taldir hafa klófest kappann og tryggt sér þjónustu hans. Grealish ákvað þó að halda kyrru fyrir hjá Aston Villa og hjálpa liðinu að komast aftur upp í deild þeirra bestu. Sé horft í kristalskúluna má sjá fyrir sér að Tottenham Hotspur muni líta til Grealish á nýjan leik ef Christian Eriksen fer frá Lundúnaliðinu. Þá er spurning hvort hjartað ráði för eða hann ákveði að færa sig yfir í lið þar sem hann á möguleika á að leika í Meistaradeild Evrópu og berjast um titla.

**Færist nær enska landsliðinu með góðri spilamennsku**

Eftir sveiflukennt gengi á síðasta tímabili fór aftur á móti að birta til hjá Aston Villa síðastliðið vor. Grealish var í mars fyrr á þessu ári gerður að fyrirliða liðsins og hann leiddi liðið upp í úrvalsdeildina þar sem liðið hefur bara plumað sig vel.

Það er augljóst þegar horft er á leiki Aston Villa að Grealish er annt um félag sitt og þráir það heitt að liði sínu gangi vel. Hann er óþreytandi við að hlaupa og djöflast í andstæðingum sínum þegar Aston Villa er ekki með boltann. Að sama skapi er Grealish ávallt boðinn og búinn að fá boltann þegar samherjar hans hafa hann. Þá er Grealish sífellt að freista þess að skapa usla með klókum og vel útfærðum hlaupum sínum með og án bolta.

Grealish sem á kost á að leika með írska landsliðinu hefur gefið það út að hann vilji leika fyrir England. Eftir að James Maddison virðist hafa klúðrað tækifæri sínu hjá enska landsliðinu með því að tilkynna veikindi í síðustu verkefnum liðsins og nást svo á mynd á spilavíti sama kvöld og enska liðið var að spila er líklegt að Gareth Southgate þjálfari Englands muni líta til Grealish næst þegar hann velur landsliðshóp.

hjorvaro@frettabladid.is




## HETJA HELGARINNAR

### Jack Grealish

Er fæddur 10. september 1995 í Birmingham í Englandi. Grealish er af írskum ættum og lék hann með yngri landsliðum Írlands. Hann tilkynnti það hins vegar í september árið 2015 að hann hygðist gefa kost á sér í enska landsliðið og á hann leik með enska U-21 árs landsliðinu.

Grealish sýndi mikla leiðtogahæfileika í þessum leik og þetta var frammistaða sem fyrirliða sæmir. Auk þess að skora jöfnunarmarkið og leggja upp sigurmarkið var hann úti um allan völl að reyna að vinna boltann og skapa góðar stöður fyrir okkur í kjölfarið. Hann spilaði algjörlega frábærlega að þessu sinni.

**Dean Smith**
knattspyrnustjóri

Grealish var magnaður í þessum leik. Aston Villa hefur nú unnið tvo leiki í röð og það er ekki síst honum að þakka. Hæfileikar hans nýtast best í stöðunni fyrir aftan framherjann. Samvinna hans og Wesley lofar góðu. Grealish er að sýna stöðugleika og ég er viss um að Gareth Southgate er að fylgjast með honum.

**Alan Shearer**
sparkspekingur
Match of the day

Fólk
Lífsstíll
MÁNUDAGUR 21. OKTÓBER 2019



Þegar Tobba Alberts veiktist af krabbameini og missti vinnuna varð að hún hafa eitthvað fyrir stafni og byrjaði að búa til skartgripi til að fylla upp í tímann.

# Hóf skartgripagerð á erfiðum tíma í lífinu

Tobba Alberts hannar hálsmen, armbönd og eyrnalokka undir merkinu Tobba design og heldur námskeið fyrir börn í skartgripagerð. Hún selur armbönd til styrktar Ljósinu eftir að hafa þurft að leita þangað í veikindum. →2



Framhald af forsíðu ➪

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Ég hef alltaf verið mikið fyrir að vinna í höndunum. Ég komst svo að því á fullorðinsaldri að ég er með ofvirkni og athyglisbrest, það rímar vel við hvað ég hef alltaf verið aktív í höndunum. Mér var sagt þegar ég fékk greininguna að það væri algengt að fólk meðhöndlaði sjálft sig með því að vinna í höndunum því það gefur huganum frið,“ útskýrir Tobba.

Hún segir að skartgripagerðin sé eiginlega meðferð fyrir hana því henni finnst rosalega gott að sitja í rólegheitum, hlusta á tónlist og einbeita sér að því að búa til skartgripi. „Ég byrjaði þegar ég var unglingur, þá var ég að búa til mellubönd og leira peace-merki og fleira í athyglisverðum litum. Það spurðist út og ég fór að selja skartgripina en varð svo leið á því, þetta var svo mikil vinna og ég var bara krakki og hafði ekki vit á að selja þetta nema rétt svo fyrir kostnaði.“

Svo gerðist það fyrir nokkrum árum að Tobba missti vinnuna í hópuppsögn og veiktist af krabbameini á sama tíma. „Ég varð þess vegna að finna mér eitthvað að gera til að fylla upp í tímann því það hjálpar engum að hafa ekkert að gera. Ég byrjaði á að kaupa fullt af efni og sauma en það gekk alls ekki vel svo ég fór að dúlla eitthvað við skartið.“

Tobba segir að líkt og þegar hún var unglingur hafi skartgripagerðin spurst út. „Systur minni fannst þetta flott og bað um að fá að kaupa hjá mér. Hún pantaði fram í tímann og það seldist upp. Þá gat ég keypt meira efni og var allt í einu farin að selja skartgripi.“

Seinna þegar Tobba dvaldi í nokkrar vikur á Heilsuhælinu í Hveragerði, kynntist hún stelpu sem bað hana að búa til skartgripi fyrir búðina sína. Þannig fór boltinn að rúlla.

„Ég nota bara náttúrusteina, gler og nikkelfrítt efni í skartgripina mína. Ég hef reyndar líka verið að leira kúlur úr plastleir en það er eina plastið sem ég nota, perlurnar eru náttúruperlur.“

Tobba segist alltaf búa til armbönd í allavega fimm stærðum og jafnvel fleiri stærðum þegar hún býr til armböndin. „Það er oft þannig þegar fólk er veikt að úlnliðirnir eru bólgnir eða fólk vill geta haft armböndin utan um fötin sín eða haft þau frekar laus. Svo er ekki hægt að hafa bara eina stærð sem passar öllum. Ef fólk hefur samband við mig og sendir mér úlnliðsummálið sitt þá get ég gert armband í þeirri stærð.“



Tobba segir Ljósið hafa bjargað henni frá því að ofhugsa allt og falla í þunglyndi. Hún er þakklát fyrir að hafa getað leitað þangað FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Tobba hefur haldið nokkur námskeið í skartgripagerð fyrir börn.



Október armbandið 2019 sem Tobba selur til styrktar Ljósinu.

## Getur aldrei fullþakkað Ljósinu fyrir óeigingjarna vinnu

„Núna sel ég skartið mitt eingöngu í versluninni Upplifun í Hörpu og í gegnum Facebook síðuna mína. Í október sel ég líka sérstakt október armband í Ljósinu. Hluti af söluverði hvers októberarmbands rennur til styrktar Ljósinu sem er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir þá sem hafa greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra,“ segir Tobba.

Með því að selja armböndin til styrktar Ljósinu er Tobba að vissu leyti að gefa til þeirra til baka eftir þá hjálp sem hún fékk frá þeim þegar hún veiktist af krabbameini. „Ljósið bjargaði mér frá því að ofhugsa allt og falla í þunglyndi. Starfsemi Ljóssins er alveg hreint ótrúleg og ég veit hreinlega ekki hvað ég hefði gert í mínum veikindum án þeirra,“ segir Tobba.

„Þegar maður verður eldri áttar maður sig á því að það er enginn sem á einfalt, auðvelt líf án vandamála. Öll erum við mannleg og eigum við einhver vandamál að stríða. Ég varð kannski extra óheppin eitt árið. Ég fékk að vita á föstudegi að ég væri með frumubreytingar á háu stigi og á mánudeginum missti ég vinnuna í hópuppsögnum hjá Mannviti verkfræðistofu og við tók mikil óvissa hvað varðaði vinnu og heilsu.“

Tobba segir að þetta hafi farið illa í sig og hún vissi ekki hvað hún átti að gera. Sonur hennar var fermdur stuttu eftir þetta en Tobba var svo heppin að þau gátu flutt til foreldra hennar á meðan á þessu óvissutímabili stóð. „Þau stóðu við bakið á mér eins og klettur. Einnig var ég svo heppin að ég lif- og sjúkdómatryggði mig þegar strákurinn minn fæddist og það gerði mér kleift að kaupa íbúð sem ég og strákurinn minn búum í dag.“

Tobba segir að það að hún hafi alltaf verið góð í höndunum hafa hreinlega komið henni til bjargar í veikindunum. „Sundum koma tímar þar sem óvissan er svo mikil að það er hreinlega ekki hægt, eða virðist ekki vera hægt, að taka einhverjar ákvarðanir. Ég vildi ekki að allir vissu að ég væri veik. Kærði mig ekki um það að fólk væri að vorkenna mér og alltaf að spyrja hvernig maður hefði það. Þá var frábært að geta leitað til Ljóssins. Þar gat ég mætt þegar ég vildi, verið í kringum fólk sem var í sömu sporum og ég og tók bara einn dag í einu. Ég þurfti ekki að ákveða neitt, gat bara einbeitt mér að því að vera ég, hvernig sem það var hverju sinni. Maður má hlæja og segja brandara í Ljósinu og hafa gaman. Maður má vera hryggur án þess að neinum finnist það óþægilegt því allir skilja mann. Einu sinni var ég að leira og ég var að berja loftið úr leirnum eins og maður þarf að gera og allt í einu sá ég að allir voru að horfa á mig. Þá áttaði ég mig á því að ég hafði verið að dúndra leirnum í gólfið aftur og aftur enda bálreið út af einhverju. Það merkilega var að ég sá það í augunum á öllum að þeim fannst þetta bara ofureðlilegt og sniðugt. Þau brostu og ég fór að hlæja. Svona er Ljósið og ég get aldrei fullþakkað Ernu stofnanda og Ljósinu fyrir þá frábæru, óeigingjörnu vinnu sem fer þar fram.“

> „Einu sinni var ég að leira og var að berja loftið úr leirnum eins og maður þarf að gera og allt í einu sá ég að allir horfðu á mig. Ég hafði þá verið að dúndra leirnum í gólfi aftur og aftur enda bálreið

## Börnin eru svo einlæg og skemmtileg og óhindruð

Tobba hefur haldið nokkur námskeið í skartgripagerð fyrir börn, sem hún segir að sé það skemmtilegasta við skartgripagerðina. „Mér finnst svo gaman að vera nálægt börnum, þau eru svo einlæg og skemmtileg. Þau eru líka svo óhindruð, það er gaman að sjá hverju þeim dettur í hug að blanda saman og búa til.“

Á námskeiðunum nýtir Tobba afgangsefni sem hún hefur ekki getað notað í eigin hönnun. „Ég hef til dæmis kannski keypt poka af náttúrusteini en stór hluti hans var bara einlitur hvítur en ég var að sækjast eftir yrjóttum lit, þannig að oft get ég bara notað hluta af efninu sem ég kaupi. Þess vegna á ég orðið helling af góðu efni sem nýtist bara ekki í hönnunina mína. Mér finnst gott að geta nýtt það efni á námskeiðunum og hindra þannig óþarfa sóun.“

Innifalin í námskeiðsgjaldinu eru tvö armbönd sem börnin fá að taka með sér heim ásamt gjafapokum og sérhönnuðum merkimiðum fyrir hvert barn með nafni barnsins og design fyrir aftan. „Börnin hafa mjög gaman af því,“ segir Tobba.

Tobba segir að ótrúlegt sé að fylgjast með því á námskeiðunum hvernig hinir mestu ólátabelgir róast niður þegar þeir þræða perlurnar upp á bönd og raða saman litunum. „Krakkarnir fá kristal og sprengt gler sem í þeirra augum eru gimsteinar. Þeim finnst þetta æðislegt. Ef ég mætti ráða þá myndi ég bara vilja vinna með börnum á skartgripanámskeiðum og búa til skartgripi sjálf. Það væri draumurinn.“




Birgir Þórðarson, leiðsögumaður, teblöndunarmeistari og afi með meiru, veit hvað það skiptir miklu máli að hafa meltinguna í lagi og huga að heilbrigði þarmaflórunnar fyrir heilsuna alla. Hann fann fljótt hvað Probi Mage gerði honum gott og tekur 1 hylki á dag.
abel heilsuvörur www.abelheilsuvorur.is

# Ljós og lampar

MÁNUDAGUR 21. OKTÓBER 2019

Kynningar: Lumex, BYKO



Ingi Már Helgason, framkvæmdastjóri Lumex, hér innan um fagra lampa og ljós. Hann fagnar því á nýárinu að 35 ár eru liðin síðan ljósaverslunin Lumex leit dagsins ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ljósum prýdd Lumex í 35 ár

Ljósadýrðin í Lumex er víðfræg fyrir undurfagra lýsingu og einstaka hönnun. Á nýárinu verða liðin 35 ár frá því að verslunin opnaði landsmönnum nýja sýn í lýsingarhönnun og ljósum. →2



Ingi Már undir frægum gólflampa, Arco frá Flos. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI




Melt Chrome-ljósin eru hönnuð af Tom Dixon. Þau eru skemmtileg tilraun málmhúðunar þar sem samspil ljóss og skugga fá að njóta sín.



Phylon White er stásslegt loftljós sem sendir frá sér munstraða birtu.



Astep gefur mjúka birtu og glæsilegat útlit á heimilið.



Ljósið Opal frá Slap gefur frá sér fallega lýsingu.

Allt frá stofnun Lumex hefur aðaláherslan verið lýsingarhönnun og höfum við verið leiðandi í að kynna landsmönnum helstu nýjungar í lýsingartækni og hönnun ljósa," segir Ingi Már Helgason, framkvæmdastjóri Lumex.

Á nýárinu verða stór tímamót hjá Lumex þegar liðin verða 35 ár síðan verslunin var opnuð.

„Á afmælisárinu höldum við ótrauð áfram að gera það sem okkur þykir skemmtilegt; að skapa flotta lýsingu fyrir einstaklinga, veitingastaði, hótel, verslanir og allt annað sem hægt er að lýsa upp á heillandi hátt," segir Ingi Már. „Starfsfólk okkar hefur mikla reynslu í öllu sem viðkemur lýsingu og hönnun og hefur framúrskarandi heildarsýn yfir hvert og eitt verk."

## Ekkert verk of lítið né stórt

Lumex skiptist í þrjú mismunandi svið.

„Við erum með fjóra hönnuði sem teikna raf- og lýsingarhönnun fyrir stærri og minni verk. Þar eru verkefnin af öllum toga og ekkert verk of lítið eða of stórt," segir Ingi Már sem með fagfólki Lumex hefur unnið að fjölmörgum skemmtilegum verkefnum utan landsteinanna, bæði fyrir einkaaðila og fyrirtæki.

„Í verslun Lumex sérhæfum við okkur í vörum frá vönduðum birgjum. Þar má nefna Flos, Tom Dixon, Moooi, Foscarini og fleiri einstaka hönnuði. Við leggjum líka mikla áherslu á að aðstoða viðskiptavini okkar við að finna bestu lausnina hverju sinni. Sérstaða okkar í Lumex er að þekkja vöruna og meta aðstæður þannig að lýsing fái notið sín sem best," upplýsir Ingi Már.

> **Á afmælisárinu höldum við ótrauð áfram að gera það sem okkur þykir skemmtilegast; að skapa flotta lýsingu þar sem hægt er að lýsa upp rýmin á heillandi hátt.**

## Rafport fagnar líka 35 árum

Lumex er hlutaeigandi í raflagnaheildsölunni Rafport sem einnig fagnar 35 ára afmæli á nýárinu 2020.

„Í Rafport er boðið upp á heildarlausnir í öllu sem við kemur raflögnum, ljósastýringum og öðru sem þarf til að stýra lýsingarkerfum," upplýsir Ingi Már um Rafport sem er umboðsaðili fyrir ABB sem er leiðandi merki á sviði raflagna og raftækni í heiminum.

## Lumex-ljós eru upplifun

Í Lumex ganga viðskiptavinir að því vísu að upplifa nýjustu áherslurnar í lýsingu.

„Við leggjum mikið upp úr upplifun í verslun okkar þar sem viðskiptavinir geta valið úr jafnt klassískri hönnun og nýjum trendum. Við finnum glöggt að viðskiptavinir okkar, sem margir hverjir hafa verið með okkur frá upphafi, velja gæði umfram magn þegar kemur að vali á ljósum, enda eru margir með Lumex-ljós heima hjá sér þar sem áherslan er á fallega lýsingu í bland við góða og vandaða vöru," segir Ingi Már.

Lumex er í Skipholti 37. Sími 568 8388. Skoðaðu ljósin í Lumex á lumex.is.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# Snjalllýsing fyrir heimilið Húsasmiðjunni

Með **HUE** frá **Philips** stjórnar þú lýsingunni á heimilinu með símanum, hvar og hvenær sem er.




**Hugsum um umhverfið og minnkum orkunotkun**

**LED** perur minnka orkunotkun og lágmarka kolefnisspor



**Startpakki**
**19.290kr**
**HUE Start Kit**
Með rofa, brú, 2xE27 LED perur.
6167000



PHILIPS
hue personal wireless lighting

Með HUE frá Philips stjórnar þú lýsingunni á heimilinu með símanum, hvar og hvenær sem er.



PHILIPS
hue personal wireless lighting

**Startpakki**
**29.590kr**
**HUE Start Kit**
Litað 3x10W, E27 lita perur, brú og fjarstýring.
6167027



PHILIPS
hue personal wireless lighting

**8.990kr**
**Kertapera**
6,5W, E14, lituð.
6167016



PHILIPS
hue personal wireless lighting

**4.590kr**
**Hue Ambiance pera**
9,5 W, Ambiance, E27.
6167003



PHILIPS
hue personal wireless lighting

**24.390kr**
**Vegg- og loftljós**
HUE Being, hvítur loftlampi.
6167099



PHILIPS
hue personal wireless lighting

**11.390kr**
**Vegg- og loftljós**
HUE Runner 1F svartur, með Gu10 abmiance peru.
6167138



PHILIPS
hue personal wireless lighting

**21.495kr**
**Loftljós**
HUE Pillar, 2x5,5W hvítt. kast m/ fjarstýringu.
6167051

**Byggjum á betra verði**

# Umhverfið í rétta ljósinu

Að mörgu er að huga þegar kemur að lýsingu inni á heimilum. Rétt lýsing gerir mikið til að skapa gott andrúmsloft og notalegt umhverfi, um leið og hún hefur áhrif á líðan fólks.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is





Góð lýsing veitir fólki vellíðan um leið og heimili og húsgögn fá að njóta sín.

Rétta lýsingin skiptir meira máli en margir halda. Góð lýsing veitir fólki vellíðan um leið og heimili og húsgögn fá að njóta sín. Lýsing má ekki vera þannig að hún trufli fólk eða valdi því vanlíðan.

Mismunandi er eftir rýmum hvernig lýsing hentar best. Í forstofu er gott að hafa loftljós sem dreifir birtunni vel um herbergið, lýsir upp forstofuskápinn eða annað sem er í mikilli notkun. Það er ráð að vera með lýsingu inni í forstofuskáp því þannig sést vel í allar yfirhafnir og skó, t.d. með því að nota díóðulýsingu. Vegglampar passa vel í forstofu, þ.e. ef veggplássið leyfir, líkt og kastarar eða innbyggð ljós en sjaldnast hentar að vera með hangandi ljós í slíku rými.

Stofan er oftast mest notaða rými heimilisins. Það fer eftir stærð stofunnar hvernig lýsing hentar best. Oft er gott að vera með smekklega kastara á brautum eða látlaus, innfelld ljós í loftinu, eða eins og hentar smekk hvers og eins. Fallegt er að lýsa sérstaklega upp myndir eða málverk á veggjum með þar til gerðum köstrum en gæta þess þó að birtan verði ekki of skær. Nauðsynlegt er að geta stjórnað lýsingu í stofunni með dimmerum því oft þarf að hafa mikla birtu í stofunni en stundum meira kósý.

Standlampar og borðlampar eru tilvaldir í stofunni þar sem ekki er vegglýsing, eða einfaldlega til að skapa notalega stemningu. Lampar dreifa oftast frá sér mjúkri birtu. Margir eru hrifnir af því að vera með vegglampa í stofunni en þeir eru fínir til að ná fram þægilegri birtu. Bæði standlampar og loftljós geta verið lífstíðareign og því skynsamlegt að vanda vel valið á þeim.

Í borðstofunni passar vel að vera með hangandi loftljós yfir borðstofuborðinu. Það er hægt að velja um ótal smart loftljós en hafa þarf í huga að þau lýsi beint niður á borðið. Ljósið ætti helst að hanga í um 80 cm hæð frá borðinu. Margir nota borðstofuborðið fyrir heimalærdóminn og þá er gott að hafa dimmer til að stjórna betur birtunni.

Vinnuljós eru bráðnauðsynleg í eldhúsinu. Oft eru slík ljós undir efri skápum og lýsa beint niður á vinnuborðið. Kastarar eða innbyggð loftljós henta vel í eldhúsum, en sérlega fallegt getur verið að hafa óbeina lýsingu í slíku rými. Hangandi ljós henta vel yfir matarborði.

Í flestum svefnherbergjum eru náttborðslampar og loftljós en þá þarf að gæta þess að peran sé ekki of sterk. Líkt og í forstofum er gott að hafa lýsingu í fataskápum, því þannig er miklu betra að sjá hvað leynist í hillum og skúffum. Náttborðslampar þurfa að gefa frá sér góða birtu fyrir lestur.

Baðherbergislýsing getur stundum verið snúin en þar eru spegilljós mikilvæg. Gott er að hafa ljós á bak við spegilinn eða veggljós fyrir ofan spegil eða jafnvel innbyggt í spegilinn sjálfan. Birtan þarf að vera nógu skær til að að hægt sé að nota spegilinn fyrir t.d. rakstur eða förðun.



**Gott er að stjórna birtunni í stofunni með dimmerum og skapa þannig notalegt andrúmsloft.**






Lýsing í eldhúsi þarf að vera þannig að gott sé að vinna í því.

Fasteignablaðið

42. TBL. MÁNUDAGUR 21. OKTÓBER 2019

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS


Sigurður Samúelsson
Lögg. fast. og eigandi
Þórarinn Thorarensen
Lögg. fast. og eigandi
Þórey Ólafsdóttir
Lögg. fast. og eigandi
Andri Sigurðsson
Lögg. fast. og eigandi
Sveinn Eyland
Lögg. fast og eigandi
Ása Þöll Ragnarsdóttir
Skjalavinnsla/móttaka
Nadia Katrín Banine
Löggiltur fast.
Ingibjörg A. Jónsdóttir
Löggiltur fast.
Eggert Maríuson
Löggiltur fast.
Helga Snorradóttir
Skrifstofa/skjalavinnsla
Guðrún D. Lúðvíksdóttir
Löggiltur fast.
Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir
Löggiltur fast.
Siggi Fannar
Löggiltur fast.
Siggi Fannar
Löggiltur fast.
Anna Teitsdóttir
Löggiltur fast.

www.landmark.is
... leiðir þig heim!

LANDMARK
FASTEIGNAMIÐLUN
Hlíðasmára 2 201 Kópavogi Sími 512 4900

MIÐBORG
fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin
-örugg fasteignaviðskipti


Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali
Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Nemi til löggildingar í fasteigna-
sölu og lögfræðingur.

MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

BERG
FASTEIGNASALA



Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530
• berg@berg.is - www.berg.is
• GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is



Ný íbúð er til sölu í í þessu húsi í Ásbrú.

# Íbúð í nýju húsi í Ásbrú

STAKFELL S: 535-1000 KYNNIR TIL SÖLU: Tveggja herbergja, 58,3 fm íbúð á 2. hæð, í tveggja hæða húsi í Reykjanesbæ. Sameiginlegt þvottahús á báðum hæðum. Geymsla á hæð. Eigninni fylgja svalir. Möguleiki er á að fá íbúð afhenta með húsgögnum og ísskáp.

Nánari lýsing: Íbúð nr. 0213, 58,3 fm við Lindarbraut 635, Ásbrú. Íbúðin er skráð 54,7 fm og geymsla 3,6 fm. Samtals 58,3 fm. Auk þess fylgja eigninni svalir.

Komið er inn í alrými með stofu og eldhúsi. Þaðan er gengið inn á gang með aðgengi að svefnherbergi og baðherbergi með sturtu og ljósri innréttingu. Gert er ráð fyrir hurð út á sérafnotareit/svalir frá stofu.

Parket er á allri íbúð fyrir utan baðherbergi, þar sem dúkur er á gólfi.

Nánari upplýsingar gefa Matthildur Sunna Þorláksdóttir, lögfræðingur og lögg. fasteignasali, í síma 690 4966 eða **matthildur@stakfell.is** og Erla Dröfn Magnúsdóttir, lögfræðingur og lögg. fasteignasali, í síma 692 0149 eða **erla@stakfell.is**

KJÖREIGN FASTEIGNASALA - TRAUST OG ÖRUGG FASTEIGNASALA í 40 ÁR


Ásta María Benónýsdóttir
Löggiltur fasteignasali
asta@kjoreign.is
897-8061

Sigurbjörn Skarphéðinsson
Löggiltur fasteignasali,
skjalagerð.
sigurbjorn@kjoreign.is
533-4040

Dan Valgarð S. Wiium
Hdl, löggiltur fasteignasali.
dan@kjoreign.is
896-4013

Rakel Salóme Eydal
Löggiltur fasteignasali og
löggiltur leigumiðlari
rakel@kjoreign.is
533-4040

Þórarinn Friðriksson
Löggiltur fasteignasali.
thorarinn@kjoreign.is
844-6353

Jón Bergsson
lögmaður og löggiltur
fasteignasali
jon@kjoreign.is
777-1215

Kjöreign ehf
Ármúla 21, 108 Reykjavík - Reykjavík – Sími 533 4040
kjoreign@kjoreign.is - www.kjoreign.is/

Ertu að leita að sérfræðingi?
hagvangur.is

HAGVANGUR

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.


**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali


Framúrskarandi fyrirtæki 2014 2018

*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is


Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is


Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

**Strikið – Sjálandi Garðabæ / Naustavör – Bryggjuhverfið Kópavogi / Nýjar og glæsilegar íbúðir til sölu. / Leitið upplýsinga á skrifstofu.**

## *Sandprýði 1 – Garðabæ. Parhús á einni hæð.*



- Fallegt og vel skipulagt 199,0 fm. parhús á einni hæð með mikilli lofthæð og innbyggðum 31,5 fm. bílskúr við Sandprýði í Garðabæ.
- Gert er ráð fyrir 4 svefnherbergjum í húsinu en núverandi eigendur stækkuðu stofu sem nemur einu herbergi.
- Stór og björt stofa með tveimur útgöngum á verandir til suðurs og austur. Eldhús með miklum innréttingum úr hnotu. Þrjú herbergi auk fataherbergis.

**Eigendur eru tilbúnir til að athuga með skipti á 4ra - 6 herbergja íbúð eða hæð í Ásahverfinu eða mögulega annars staðar í Garðabæ**

**Verð 89,9 millj.**

## *Kögunarhæð 3 – Garðabæ. Glæsilegt einbýlishús.*




Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag frá kl. 17.30 – 18.00

- Virkilega fallegt og vandað 247,1 fm. einbýlishús með innbyggðum 42,7 fm. bílskúr á útsýnisstað á í Garðabæ í grónu hverfi. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni og byggt árið 1992.
- Húsið er nánast allt á einni hæð en á efri hæð er stór stofa með fallegu útsýni yfir borgina, að Snæfellsjökli, Bláfjöllum og víðar og útgengi á rúmgóðar svalir til suðurs.
- Fjögur svefnherbergi. Stórar og bjartar setu – og borðstofa með gluggum til suðurs og vesturs.

**Staðsetning eignarinnar er góð í grónu hverfi í Garðabæ þaðan sem stutt er í leikskóla, barnaskóla , menntaskóla og út á stofnbrautir.**

**Verð 116,9 millj.**

## *Mýrargata 26. Tvær 2ja herbergja íbúðir á 4. hæð.*




Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 17.15 – 17.45

- Tvær 86,8 fermetra íbúðir á 4. hæð. Sér stæði í bílageymslu fylgir íbúðunum.
- Stofur eru með gólfsíðum gluggum og útgengi á svalir til suðurs. Svalaveggir og gólf eru klædd harðviði og lýsing er í lofti yfir svölum. Svalahandrið er úr öryggisgleri.
- Íbúðirnar eru með leyfi fyrir skammtímagistingu og hafa verið í útleigu sem slíkar. Allt innbú getur einnig fylgt með í kaupunum ef um semst.
- Frábær staðsetning í lyftuhúsi á þessum eftirsótta stað við hafnarsvæðið í Reykjavík.

**Verð 49,9 millj. hvor íbúð.**

## *Auðarstræti 17. Sérhæð auk stúdíóíbúðar í bílskúr.*




Eignin verður til sýnis í dag, mánudag frá kl. 17.15 – 17.45

- Vel skipulögð og björt 4ra herbergja 113,6 fm. neðri sérhæð með svölum til suðurs auk 28,5 fm. bílskúrs sem innréttuð var stúdíóíbúð í fyrir 4 árum síðan og er sú íbúð í útleigu.
- Eldhús með nýlegri innréttingu og tækjum og gluggum í tvær áttir. Stór setu- og borðstofa með útgengi á svalir til suðurs. Tvö herbergi. Rafmagnstafla og raflagnir eru nýlegar.
- Lóðin er með steyptum veggjum, tyrfðum flötum og trjágróðri. Innkeyrsla er stór og hellulögð. Íbúðin á sér bílastæði á lóðinni.

**Staðsetning eignarinnar er góð í grónu hverfi nærri miðborginni.**

**Verð 63,9 millj.**

## *Sólvallagata 21. 2ja herbergja íbúð - sérinngangur.*




Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag frá kl. 17.15- 17.45

- Björt og falleg 49,9 fm. kjallaraíbúð í sjarmerandi steinsteyptu fjórbýli við Sólvallagötu í Reykjavík.
- Íbúðin er björt með góðri gluggasetningu og sérinngangi. Stofa með gluggum til austurs og suðurs. Svefnherbergi með glugga til suðurs.

**Um er að ræða fallega og bjarta íbúð á frábærum stað miðsvæðis í Reykjavík. Stutt er í alla verslun og þjónustu, sundlaug, íþróttasvæði og miðbæinn.**

**Verð 31,9 millj.**

## *Sólvallagata 48a. 2ja herbergja íbúð með aukinni lofthæð*




Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag, frá kl. 18.00 – 18.30

- Rúmgóð 2ja herbergja 66,7 fm. íbúð á 2. hæð með aukinni lofthæð í steinsteyptu bakhúsi á friðsælum stað við Sólvallagötu.
- Íbúðin er björt með mikilli lofthæð yfir stærstum hluta íbúðar. Stofa rúmar vel setustofu og borðstofu. Þvottaherbergi inn af íbúð og með góðu geymsluplássi.
- Verið er að leggja lokahönd á endurnýjun stigagangs.

**Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.**

**Verð 36,9 millj.**

## *Arnarás - Garðabæ. 4ra herbergja efri hæð með sérinngangi.*



- Glæsileg 4ra herbergja 111,9 fm. endaíbúð á efri hæð að meðtalinni sér geymslu við Arnarás í Garðabæ. Sérinngangur og gluggar í 3 áttir. Stórar og skjólsælar suðursvalir með viðarklæddu gólfi og miklu útsýni.
- Rúmgóð og björt stofa. Fallegar mahognyinnréttingar í eldhúsi og góð borðaðstaða. Þrjú herbergi, eitt nýtt sem sjónvarpsstofa í dag.
- Húsið var málað að utan árið 2017. Einstaks útsýnis nýtur frá íbúðinni.

**Verð 57,9 millj.**

## *Álfhólsvegur 119 – Kópavogi. Efri sérhæð ásamt bílskúr.*




Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 18.15 – 18.45

- Vel skipulögð 6 herbergja 155,7 fm. efri sérhæð í þríbýlishúsi auk 22,5 fm. bílskúr, við Álfhólsveg. Glæsilegt útsýni til vesturs og norðurs.
- Húsið er klætt á austur og suðurhlið og nýlega hafa verið gerðar múrviðgerðir á norðurhlið hússins. Gluggar voru málaðir árið 2018. Nýlegt harðparket er á aðalrýmum hæðarinnar.
- Hæðin er með stórum gluggum sem hleypa inn góðri birtu.
- Stofa sem rúmar vel setu- og borðstofu með gluggum til suðurs, vesturs og norðurs og útgengi á svalir til suðurs. 5 svefnherbergi.

**Verð 59,9 millj.**

## *Naustavör nr. 28 – 34. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.*



- Naustavör 28-34 er 4ra hæða fjölbýlishús með lyftu við Naustavör í Kópavogi staðsett örstutt frá smábátahöfninni, með glæsilegu sjávarútsýni úr flestum íbúðunum.
- Íbúðirnar eru frá 80,6 til 169,5 fm, 2ja til 4ra herbergja.
- Allar innréttingar er sérsmíðar af Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðin skilast með flísum á gólfi á baði og þvottahergi.
- Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgja flestum íbúðum.

## *Strikið 1 – Sjálandi Garðabæ. Nýjar íbúðir fyrir 60 ára og eldri*



- Strikið 1 er fjölbýlishús í Sjálandinu fyrir 60 ára og eldri.
- Íbúðirnar eru frá 83,9 fm. til 179,6 fm, 2ja og 3ja herbergja. Afhendingartími er mars – maí 2019.
- Allar innréttingar eru frá Axis, AEG eldhústæki og hreinlætistæki frá Tengi. Íbúðirnar skilast með flísum á gólfi á baði og þvottaherbergi að öðru leyti skilast íbúðirnar án gólfefna.
- Íbúðirnar eru ýmist með svölum eða timburveröndum. Stæði í upphitaðri bílageymslu fylgir öllum íbúðum.
- Innan hússins verður salur fyrir íbúa hússins til þess að halda fundi eða mannfagnaði.
- Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., **www.bygg.is**

# EIGNAMIÐLUN

**SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957**


**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali


**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
s. 824 9093


**Guðmundur Sigurjónsson**
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali


**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
Löggiltur fasteignasali
s. 864 5464


**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri
s. 899 1882


**Magnea S. Sverrisdóttir**
MBA, löggiltur fasteignasali
s. 861 8511


**Hilmar Þór Hafsteinsson**
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari
s. 824 9098


**Brynjar Þ. Sumarliðason**
BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasali
s. 896 1168


**Daði Hafþórsson**
Löggiltur fasteignasali
s. 824 9096

## STIGAHLÍÐ 64
## 105 REYKJAVÍK


BÓKIÐ SKOÐUN




Stórglæsilegt 350.3 fm vel staðsett einbýlishús með tvöföldum innbyggðum bílskúr. Húsið var endurnýjað á vandaðan hátt árið 2008 og 2009. Fimm svefnherbergi, 3 baðherbergi og gestasnyrting. Stór afgirt lóð og harðviðarverönd með heitum potti til suðurs. Húsið er laust til afhendingar við kaupsamning.
**Nánari uppl. Sverrir Kristinsson lg.fs. 861 8514, sverrir@eignamidlun.is og Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is**

## BÓKHLÖÐUSTÍGUR 10
## 101 REYKJAVÍK


OPIÐ HÚS



Um er að ræða 188,5 fm einbýlis hús byggt úr timbri og stendur á steyptum kjallara og er staðsett á horni Miðstrætis og Bókhlöðustígs. Sér bílastæði er á lóð. Húsið var upphaflega byggt árið 1901 og stóð við Vesturgötu 18. Árið 1981 var það flutt á núverandi stað og steyptur var undir það kjallari og húsið gert upp á vandaðan hátt. **V. 99,0 m.**
**Opið hús mánudaginn 21. október 17:00-17:30**
**Nánari uppl. Kjartan Hallgeirsson lg.fs. s. 824 9093, kjartan@eignamidlun.is**

## HULDULAND 9
## 108 REYKJAVÍK


OPIÐ HÚS



Frábærlega staðsett og mikið endurnýjuð 3ja herbergja 86,5 fm íbúð á 1. hæð (jarðhæð) þar sem er útgengt út í sér garð með timburverönd. **V. 48,9 m**
**Opið hús miðvikudaginn 23. október milli kl. 17:00 og 17:30**
**Nánari uppl. Kjartan Hallgeirsson lg.fs. s. 824 9093, kjartan@eignamidlun.is**

## ÁLFHEIMAR 7
## 104 REYKJAVÍK


BÓKIÐ SKOÐUN



EFRI HÆÐ + STÚDÍÓÍBÚÐ Í KJ. OG ÖNNUR STÚDÍÓÍB. INNRÉTTUÐ Í BÍLSKÚR. Eignin er skráð samtals 194,5 fm. Endurnýjað eldhús, baðherbergi og fl. Frábær staðsetning í grónu hverfi. Möguleiki á góðum leigutekjum. **V. 73,9 m**
**Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg. fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is**

## SÓLTÚN 9
## 105 REYKJAVÍK


BÓKIÐ SKOÐUN

102.6 fm 3 herb. íbúð á 4.hæð í vönduðu vel staðsettu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Góðar innréttingar. Sérþvottahús innan íbúðarinnar. Yfirbyggðar svalir. **V. 56,9 m**
**Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg. fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is**

## ÁLFTAMÝRI 6
## 108 REYKJAVÍK


BÓKIÐ SKOÐUN

126.4 fm 4 herbergja íbúð með bílskúr í mjög góðu fjölbýlishúsi. Tvennar svalir. **V. 47,9 m**
**Nánari uppl. Herdís Valb. Hölludóttir lg. fs. s. 694 6166, herdis@eignamidlun.is**

## LJÓSVALLAGATA 22
## 101 REYKJAVÍK


BÓKIÐ SKOÐUN

Góð 87,4 fm 3 herbergja íbúð á 3 hæð, aðeins ein íbúð á hæð. Eignin skiptist í forstofu/hol, 2 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og sérgeymslu. **V. 48,5 m**
**Nánari uppl. Hreiðar Levý Guðmundsson lg. fs. s. 661 6021, hreidar@eignamidlun.is**

## BÁRUGATA 6
## 101 REYKJAVÍK


BÓKIÐ SKOÐUN

Virkilega falleg 3ja herbergja íbúð í kjallara í nýlega endursteinuðu þríbýlishúsi við Bárugötu. Sérinngangur í íbúðina bakvið húsið. **V. 37,9 m**
**Nánari uppl. Hrafnhildur Björk Baldursdóttir lg.fs. s. 862 1110, hrafnhildur@eignamidlun.is**

## EFSTALEITI 14
## 103 REYKJAVÍK


BÓKIÐ SKOÐUN

Falleg 156,1 fm íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi með stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist m.a. í stóra glæsilega stofu (stofu/borðstofu), opið herbergi innaf stofum, tvö svefnherbergi, eldhús, baðherbergi, gestasnyrtingu. Húsvörður er í húsinu. Fallegt útsýni. **V. 77,9 m**
**Nánari uppl. Brynjar Þór Sumarliðason lg. fs. s. 896 1168, brynjar@eignamidlun.is**

## GRENSÁSVEGUR 58
## 108 REYKJAVÍK


BÓKIÐ SKOÐUN

77.3 fm 3 herb. íbúð á 3.hæð í góðu fjölbýli sem er vel staðsett miðsvæðis. 2 svefnherb. Séreldhús. Upprunalegt en ágætt ástand. Snyrtileg sameign. **V. 37,9m**
**Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg. fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is**

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957




**GRENSÁSVEGUR 11** **SÍMI 588 9090**


**Guðbjörg Matthíasdóttir**
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali
s. 588 9090


**Ármann Þór Gunnarsson**
Löggiltur fasteignasali
s. 847 7000


**Hrafnhildur Björk Baldursdóttir**
Löggiltur fasteignasali
s. 862 1110


**Hreiðar Levy Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
s. 661 6021


**Herdís Valb. Hölludóttir**
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali
s. 694 6166


**Jenný Sandra Gunnarsdóttir**
Skrifstofustjóri


**Ásdís H. Júlíusdóttir**
Ritari


**María Guðrún Waltersdóttir**
Móttökuritari


**Sesselja K. Sigurðardóttir**
Skjalavinnsla/auglýsingar

## SJAFNARBRUNNUR 13
## 113 REYKJAVÍK





230.5 fm 5 herbergja mið raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsunum verður skilað fullbúnum að utan með tilbúinni lóð og tilbúið til innréttingar að innan. **V. 69,9 m**
**Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg. fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is**

## KRISTNIBRAUT 87
## 113 REYKJAVÍK





129.8 fm 4 herbergja íbúð á efstu hæð með miklu útsýni og stæði í bílgeymslu. Eignin skiptist í: forstofu, 3 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús, geymslu í sameign og stæði í bílgeymslu **V. 52,9 m**
**Opið hús mánudaginn 21. október milli kl. 17:00 og 17:30**
**Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg. fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is**

## DRAUMAHÆÐ 10
## 210 GARÐABÆR





Glæsilegt 150,6 fm, 6 herbergja raðhús á tveimur hæðum á rólegum og fjölskylduvænum stað með bílskúr. Góð timburverönd á bakvið hús. **V. 79,9 m**
**Opið hús fimmtudaginn 24. október milli kl. 17:15 og 17:45**
**Nánari uppl. Hreiðar Levý Guðmundsson lg.fs. s. 661 6021, hreidar@eignamidlun.is**

## GRJÓTÁS 6
## 210 GARÐABÆ





199.4 fm 5 herb. parhús á góðum útsýnisstað í Ásahverfi. Vel skipulagt með góðum innréttingum, tvennum svölum. Parket og flísar á gólfum. Rúmgóð herbergi, innbyggður bílskúr. Húsið er til afhendingar við kaupsamning. **V. 84,9 m**
**Opið hús mánudaginn 21. október milli kl. 17:45 og 18:15**
**Nánari uppl. Bjarni Tómas Jónsson lg. fs. s. 895 9120, bjarni@eignamidlun.is**

## BREKKUHJALLI 7
## 200 KÓPAVOGUR





170 fm afar góð fimm herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi auk bílskúrs í sérstæðri bílskúrslengju neðan við húsið. Stórkostlegt útsýni. Skjólgóður suðurpallur. **V. 68,9 m**
**Nánari uppl. Hrafnhildur Björk Baldursdóttir lg.fs. s. 862 1110, hrafnhildur@eignamidlun.is**

## HJALLABRAUT 21
## 220 HAFNARFJÖRÐUR




99,3 fm mikið endurnýjaða og vel skipulagða þriggja herbergja íbúð á 2. hæð í Norðurbænum í Hafnarfirði. Mjög góð staðsetning. **V. 39,9 m**
**Nánari uppl. Ármann Þór Gunnarsson lg. fs. s. 847 7000, armann@eignamidlun.is**

## HVAMMABRAUT 12
## 220 HAFNARFJÖRÐUR




Björt og vel skipulögð 3 herbergja íbúð á 3. hæð með góðu útsýni. Íbúðin er 77,8 fm þar af er geymsla 5,8 fm. Stutt er í alla helstu þjónustu, skóla og leikskóla. **V. 34,9 m**
**Opið hús þriðjudaginn 22. október milli kl. 17:00 og 17:30**
**Nánari uppl. Ármann Þór Gunnarsson lg. fs. s. 847 7000, armann@eignamidlun.is**

## GERPLUSTRÆTI 19, ÍBÚÐ 402
## 270 MOSFELLSBÆR




íbúð merkt 04-02 er 157.6 fm 5 herb. íbúð í lyftuhúsi. Eigninni fylgir stæði í bílageymslu. TVÖ BAÐHERBERGI. **V. 74,9 m.**
**Opið hús þriðjudaginn 22. október milli kl. 17:00 og 17:30**
**Nánari uppl. Hilmar Þór hafsteinsson lg. fs. s. 824 9098, hilmar@eignamidlun.is**

## GERPLUSTRÆTI 19, ÍBÚÐ 102
## 270 MOSFELLSBÆR




Íbúð merkt 01-02 er 81.9 fm 2 herb. íbúð í lyftuhúsi. Eigninni fylgir stæði í bílageymslu. **V. 39,9 m.**
**Opið hús þriðjudaginn 22. október milli kl. 17:00 og 17:30**
**Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg. fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is**

## LEIRUTANGI 37A
## 270 MOSFELLSBÆR




Fjögurra herbergja 103.3 fm sérhæð á þessu vinsæla svæði í Mosfellsbæ. Sérgarður til suðurs, nýlegt eldhús, nýtt baðherbergi. **V. 47,9 m**
**Opið hús mánudaginn 21. október milli kl. 17:00 og 17:30**
**Nánari uppl. Brynjar Þór Sumarliðason lg. fs. s. 896 1168, brynjar@eignamidlun.is**

## VAGNHÖFÐI 17 - ATVINNUH.
## 110 REYKJAVÍK




Um er að ræða 10 iðnarbil frá 115 fm til 120.7 fm. Gönguhurð og innkeyrsludyr. Stórt malbikað bílaplan. Eignin hefur verið endurnýjuð frá grunni. **V. 36.9 m**
**Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg. fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is, Hilmar Þór Hafsteinsson lg. fs. s. 824 9098, hilmar@eignamidlun.is**

# MIKLABORG




**Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltir fasteignasalar


**Jón Rafn Valdimarsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520


**Gunnar S. Jónsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856


**Ólafur Finnbogason**
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307


**Atli S. Sigvarðsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178


**Gunnar H. Einarsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181


**Svan G. Guðlaugsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300


**Þórunn Pálsdóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000


**Ásgrímur Ásmundsson**
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120


**Þröstur Þórhallsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634


**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 - 2017


**Þóroddur S. Skaptason**
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508


**Jason Kr. Ólafsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515


**Axel Axelsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272


**Óskar H. Bjarnasen**
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931


**Þórhallur Biering**
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232


**Friðrik P. Stefánsson**
hdl. og aðst. fasteignasala
Sími: 616 1313


**Páll Þórólfsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929


**Ragnheiður Pétursd.**
hdl. og löggiltur fasteignasali


**Harpa Rún Glad**
hdl. og löggiltur fasteignasali

## Nesbali 44
170 Seltjarnarnes






**Glæsilegt tæplega 300 m² einbýlishús við Nesbala**

Eftirsótt staðsetning

Stórar stofur

4 svefnherbergi

Tvöfaldur bílskúr

Verð: **150 millj.**

**Nánari upplýsingar veitir**


Nánari upplýsingar:
**Þröstur Þórhallsson**
lögg. fasteignasali
**sími:** 897 0634
throstur@miklaborg.is

## Hvassaleiti 109
103 Reykjavík




**Glæsilegt 228 fm raðhús með bílskúr við Hvassaleiti**

Hannað af Gunnari Hanssyni

Tímalaus hönnun að innan sem utan

Stórar stofur þ.e. borð- set og- sólstofa

Þrjú svefnherbergi, útgengt í garð frá hjónaherb. Kjallari getur nýst sem herbergi einnig.

Verð: **86,5millj.**

**Nánari upplýsingar veitir**


Nánari upplýsingar:
**Jón Rafn Valdimarsson,**
lögg. fasteignasali
**sími:** 695 5520
jon@miklaborg.is

## Bræðraborgarstígur 26
101 Reykjavík




**OPIÐ HÚS**
**þriðjudaginn 22. október**
**kl 17:00 -17:30**

**Falleg og mikið endurnýjuð efri sérhæð í góðu húsi við Bræðraborgarstíg 26**

190 fm 4ra herbergja.

Bílskúr

Möguleiki á stúdíóíbúð á jarðhæð

Góð staðsetning þar sem stutt er í alla helstu þjónustu og iðandi mannlíf miðbæjarins

Verð: **89,9 millj.**

**Nánari upplýsingar veitir**


Nánari upplýsingar:
**Gunnar S. Jónsson,**
lögg. fasteignasali
**sími:** 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Fasteignasalan
**Miklaborg**
Lágmúla 4
108 Reykjavík

sími
**569 7000**
**www.miklaborg.is**

**Með þér alla leið**



# 102Reykjavík

## Nýjar íbúðir við Hlíðarenda til sölu

## Valshlíð – Fálkahlíð – Smyrilshlíð









**www.102Reykjavik.is**

Opið hús á skrifstofu Mikluborgar alla virka daga á milli kl. 11 og 13

### Glæsilegar 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir í 102 Reykjavík.

Vandaðar ítalskar innréttingar, fataskápar ná allir upp í loft, innbyggður ísskápur og uppþvottavél fylgir öllum íbúðum. Skoða má íbúðirnar á vefsíðunni www.102reykjavik.is

Lögð er megin áhersla á litlar og meðalstórar vandaðar íbúðir, innréttaðar á hagkvæman og þægilegan máta.

Húsin liggja umhverfis garð í miðjunni og þar undir er tveggja hæða bílakjallari.

Verð frá : **39,5 millj.**



Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**
**Upplýsingar í síma 782 8800**

### Til sölu




Kassagitarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagitarar á tilboði Rafmagnsgitarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

### Atvinnuhúsnæði

**IÐNAÐAR- EÐA LAGERHÚSNÆÐI TIL LEIGU**
Til leigu 180-270 fm. atvinnuhúsnæði í Bolholti 4 (bakhús) 105 Rvk.
Laust strax.
**Uppl. í s: 893-8166 eða grensas@gmail.com.**
**Grensás ehf. / Ragnar**


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

**job**
*Ný og lægri* ***verðskrá***
Kynntu þér nýju verðskránna okkar, hún er **einföld og umfram allt ódýr**

Almenn auglýsing:
**14.900kr.**
30 daga birtingatími.
Bein tenging við Facebook og Twitter.

Smellur aðeins:
**20kr.**
30 daga birtingatími.
Sent á allt að 45.000 skráðra einstaklinga.

Farðu á **job.is**
**Ætíð** til þjónustu

**Postulín fyrir veitingahús - framandi hönnun**

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is
G.BENEDIKT 1882












*Allt hjá okkur*

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is
STÓRELDHÚS FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS
Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is

# VIÐ SELJUM HRATT OG ÖRUGGLEGA!

HÖFÐABORG
FASTEIGNASALA



BÓKIÐ SKOÐUN

**DIMMUHVARF 11B, 203 KÓPAVOGUR**

4 herbergja einbýlishús á einni hæð í rólegu og fjölskylduvænu hverfi við Dimmuhvarf 11B, 203 Kópavogi. Eignin er staðsett á hornlóð í jaðri hverfisins og er í göngufæri við fallega náttúru við Elliðavatn og helstu þjónustu, verslanir, skóla, íþróttaiðkun o.fl.

VERÐ: TILBOÐ



Opið hús mánudaginn 21.okt kl. 18:00-18:30

**STAKKHOLT 4B, 105 REYKJAVÍK**

Glæsileg 2 herbergja íbúð á þriðju hæð í Stakkholti í Reykjavík. Björt stofa með útsýni til norð/austurs og út í sameiginlegan garð. Opið rými inn í eldhús og borðstofu með fallegu harðparketi á gólfum.

VERÐ: 44.9 mkr.



Opið hús 21.okt / 18:30-19:00

**VOGAGERÐI 22, 190 VOGAR**

Rúmgott og skemmtilegt fjölskylduhús með bílskúr á einni hæð. Húsið er skráð 204,2fm, Íbúðarrýmið er 158,8fm og bílskúrinn 45,4fm.

VERÐ: 44.9 mkr.



Opið hús 21.okt / 17:15-17:45

**NÚPALIND 6, 201 KÓPAVOGUR**

Björt og rúmgóð útsýnisíbúð á 7.hæð í lyftuhúsi, ásamt stæði í bílageymslu. Rúmgóðar yfirbyggðar svalir úr stofu vísa til suðurs.

VERÐ: 47.9 mkr.



Opið hús 21.okt / 17:15-17:45

**FANNARFELL 2, 111 REYKJAVÍK**

Laus við kaupsamning. Góð 2-3 herbergja íbúð á fyrstu hæð með rúmgóðri afgirtri verönd til suðurs. Bílastæði fylgir eigninni.

VERÐ: 29.9 mkr.



BÓKIÐ SKOÐUN

**ÁLALÆKUR 13-15, AÐEINS 5 ÍBÚÐIR EFTIR**

Vel hannaðar íbúðir í viðhaldsléttu lyftuhúsi. Íbúðirnar skilast fullbúnar með öllum gólfefnum ásamt innbyggðum ísskáp og uppþvottavél.

VERÐ FRÁ: 36 mkr.



Opið hús mánudaginn 21.okt kl. 17:00-17:30

**SÓLTÚN 3, 105 REYKJAVÍK | ÞJÓNUSTUÍBÚÐ 60+**

Glæsileg 2 herbergja íbúð á fimmtu og efstu hæð í Borgartúni í Reykjavík fyrir 60 ára og eldri. Björt stofa með glæsilegu útsýni í opnu rými með eldhúsi og borðstofu með eikarparketi á gólfum ásamt rúmgóðri sólstofu í suður. Bílastæði í bílgeymslu fylgir eigninni.

VERÐ: 53.9 mkr.



Opið hús mánudaginn 21.okt kl. 18:15-18:45

**TANGABRYGGJA 15, 110 REYKJAVÍK | ÍBÚÐ 601 SÍÐASTA ÍBÚÐIN**

Glæsilega hannað hús við sjávarsíðuna. Íbúð 601er síðasta íbúðin af 63 íbúðum. Um er að ræða glæsilega þakíbúð á tveimur hæðum.Tvö baðherbergi. Einstakt útsýni yfir smábátahöfnina og stæði í bílageymslu fylgir eigninni.

VERÐ: 69.9 mkr.



Kristín Skjaldar
Lögg. fasteignasali
s: 824 4031



Jóhanna Íris Gígja
Lögg. fasteignasali
s: 662 1166



Davíð Már Sigurðsson
Markaðsstjóri / Nemi til lögg. fasteignasala
Viðskiptafræðingur B.Sc
Alþjóðaviðskipti og markaðsmál M.Sc
s: 771 7191



Sigurður Júlíusson
Idé auglýsingastofa
Vef- og hönnunarstjóri
s: 661 0714



Ásdís Hlöðversdóttir
Fjármálastjóri

Höfðaborg fasteignasala ehf. / Engjateig 9 / 105 Reykjavík / s: 537 0300

www.hofdaborg.is

## Merkisatburðir

**1520** Portúgalski landkönnuðurinn Ferdinand Magellan uppgötvar sund milli meginlands Suður-Ameríku og Eldlands. Sundið fær heitið Magellansund.

**1833** Efnafræðingurinn og uppfinningamaðurinn Alfred Nobel fæddist á þessum degi í Stokkhólmi. Nóbelsverðlaunin, sem fyrst voru veitt árið 1901, eru kennd við hann.

**1854** Florence Nightingale er ásamt 38 hjúkrunarkonum send í Krímstríðið þar sem hún skipulagði hjúkrun breskra hermanna.

**1916** Alþingiskosningar fara fram þar sem konur og vinnumenn, 40 ára og eldri, gátu kosið í fyrsta sinn.

**1944** Bandarískar hersveitir ná borginni Aachen á sitt vald eftir þriggja vikna bardaga. Var þetta fyrsta þýska borgin sem féll í hendur bandamönnum.



**1980** Athafnakonan **Kim Kardashian** fæddist á þessum degi og fagnar því 39 ára afmæli í dag.

**1994** 32 létu lífið þegar Seongsu-brúin í Seoul, höfuðborg Suður-Kóreu, hrundi.

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristrún Guðmundsdóttir**

*Rúna,*

Kambsvegi 37, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi 12. október. Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 23. október klukkan 15.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Agnar Bjarnason**
**Sigríður Helga Agnarsdóttir**
**Bjarni Jón Agnarsson** **Hanna Dóra Haraldsdóttir**
**Sigrún Agnarsdóttir** **Helgi Jónsson**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Axel Sölvason**

áður til heimilis að Hraunbæ 44, Reykjavík,

lést á Hrafnistu þriðjudaginn 15. október 2019.
Jarðarförin fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi miðvikudaginn 30. október kl. 11.00.

**Axel Sölvi Axelsson** **Guðrún Harðardóttir**
**Sigrún Axelsdóttir** **Sigurður Viggó Grétarsson**
**Ragnar Guðni Axelsson** **Björk Hreiðarsdóttir**
**Bergur Axelsson**
**Jóna Guðrún Ívarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

---




**Leyla Acaroglu er aðalfyrirlesari þingsins. Hún er vinsæl og hefur fyrirlestur hennar á TED fengið yfir milljón áhorf.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sjálfbærni rædd á Nýsköpunarþingi

**Rætt verður um nýsköpun og hönnun út frá sjálfbærni á Nýsköpunarþingi 2019 í dag en jafnframt verða Nýsköpunarverðlaun Íslands veitt. Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins segir að víða sé verið að vinna gott starf í þessum efnum.**

Nýsköpunarþing 2019 fer fram á Grand Hóteli í dag en yfirskrift þingsins að þessu sinni er „Sjálfbærni til framtíðar“. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir nýsköpunarráðherra mun flytja opnunarávarp þingsins og veita Nýsköpunarverðlaun Íslands.

„Valið á þessu þema má kannski rekja til þess að það er ákveðið ákall í umhverfinu okkar í dag um sjálfbærni. Fyrirlesararnir munu tala um nýsköpun og hönnun út frá sjálfbærni,“ segir Huld Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, en hún er jafnframt fundarstjóri.

Auk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins standa Rannís, Íslandsstofa og Nýsköpunarmiðstöð Íslands að þinginu. Aðalfyrirlesari þingsins er hin ástralska Leyla Acaroglu sem er heimsþekkt fyrir hugmyndir sínar um hönnun og sjálfbærni.

„Hún býr núna í Portúgal þar sem hún rekur meðal annars bóndabýli sem vinnur algjörlega eftir hugmyndafræði sjálfbærni. Býlið er notað til kennslu í skóla sem hún á en hugmyndafræðin gengur út á að fá okkur til að hugsa upp á nýtt hvernig við hönnum hluti,“ segir Huld.

Hugmyndafræði Acaroglu er mjög skapandi og hvetjandi að sögn Huldar sem býst við afar kröftugum fyrirlestri.

Á þinginu munu margir frumkvöðlar segja frá reynslu sinni og hugmyndum um sjálfbærni, hönnun og nýsköpun. „Fyrirlesararnir eru mjög ólíkir því við vildum fá áherslur úr mismunandi áttum. Við erum líka að reyna fá svolitla breidd í aldri fyrirlesara. Við erum með ungt fólk upp í fólk sem er hokið af reynslu og allt þar á milli,“ segir Huld.

Aðspurð segir Huld að staða nýsköpunar og hönnunar hérlendis út frá sjálfbærni sé nokkuð góð. „Ég held að víða sé verið að gera mjög mikið af flottum hlutum. Það er einmitt þess vegna sem við fengum þennan hóp af fólki til að koma og segja frá því sem verið er að gera. Þetta er samt umræðuefni sem þarf að tala um og ítreka. Það má alltaf benda á eitthvað nýtt og við getum alltaf bætt okkur.“

Nýlega var kynnt nýsköpunarstefna fyrir Ísland þar sem sett er fram framtíðarsýn fyrir árið 2030. Huld býst við því að stefnan verði rædd á þinginu. „Nýsköpunarstefnan er mjög mikilvæg því hún er upphafið að því hvernig við ætlum að vinna þetta. Það er búið að setja vörður á leiðina en það er tvímælalaust fullt af verkefnum fyrir framan okkur.“

Dagskrá þingsins í dag hefst klukkan 15 og er aðgangur ókeypis og þingið öllum opið. „Við hvetjum bara fólk til að koma og hlusta á þessi áhugaverðu erindi. Við búumst við góðum og öflugum umræðum,“ segir Huld að lokum.

**sighvatur@frettabladid.is**

---

ÞETTA GERÐIST 21. OKTÓBER 1944:

## Nýsköpunarstjórnin tekur við völdum

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks og Sósíalistaflokks tók við völdum þann 21. október 1944. Fljótlega var farið að kalla stjórnina Nýsköpunarstjórn en hún stóð meðal annars fyrir kaupum á togurum til landsins sem nefndir voru nýsköpunartogarar.

Stjórnin nýtti þann mikla gjaldeyrissjóð sem safnast hafði á stríðsárunum í uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífi.

Ólafur Thors var forsætisráðherra í stjórninni sem naut ekki stuðning allra þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Fimm þeirra voru andvígir samstarfi við Sósíalistaflokkinn en þetta var í fyrsta sinn sem flokkurinn átti sæti í ríkisstjórn.

Aðrir sem áttu sæti í stjórninni voru Sjálfstæðismaðurinn Pétur Magnússon, sem var fjármála- og viðskiptaráðherra, Áki Jakobsson sjávarútvegsráðherra og Brynjólfur Bjarnason menntamálaráðherra, úr Sósíalistaflokki og Alþýðuflokksmennirnir Emil Jónsson, samgöngu- og iðnaðarráðherra, og Finnur Jónsson, dóms- og félagsmálaráðherra.

Mikið hafði gengið á í íslenskum stjórnmálum árin á undan og voru haldnar tvennar þingkosningar árið 1942. Eftir að minnihlutastjórn Sjálfstæðisflokksins, undir forystu Ólafs Thors, lét af völdum í desember 1942 var skipuð utanþingsstjórn. Sú stjórn sat þar til Nýsköpunarstjórnin tók við.

Deilur um veru bandarísks herliðs á Íslandi urðu svo á endanum til þess að binda enda á stjórnarsamstarfið þann 10. október 1946. Stjórnin sat þó fram í febrúar 1947 þegar ný ríkisstjórn hafði verið mynduð.



# SAMSUNG *dagar*

21.- 31.okt

ALLT AÐ

## 20% afsláttur

af flestum SAMSUNG vörum




SAMSUNG SETRIÐ

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

ORMSSON

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 6 | 5 |
| Ísafjörður | 0 | 14 |
| Akureyri | 3 | 8 |
| Egilsstaðir | 5 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 6 | 9 |
| Hveravellir | -1 | 9 |

Snýst í norðanátt í dag, 10-18 um hádegi, en 18-23 suðaustantil síðdegis. Skúrir eða él norðvestantil, rigning eða slydda norðaustantil, en léttir til fyrir sunnan. Kólnandi veður og víða él norðantil á landinu í kvöld, en bjart fyrir sunnan.

## Þriðjudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 3 | 7 |
| Ísafjörður | -4 | 12 |
| Akureyri | 0 | 3 |
| Egilsstaðir | 2 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 2 | 5 |
| Hveravellir | -5 | 8 |

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | -1 | 7 |
| Ísafjörður | -5 | 7 |
| Akureyri | -7 | 3 |
| Egilsstaðir | -4 | 7 |
| Kirkjubæjarkl | 0 | 2 |
| Hveravellir | -8 | 9 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 3 | 1 | 9 | | 2 | 4 | |
| | | 7 | 2 | | | | | 9 |
| | | 4 | 5 | | | | 1 | |
| | | | | 1 | | | | 4 |
| | 6 | | | | | | 9 | |
| 7 | 9 | 2 | | 3 | | | 6 | |
| 1 | | 6 | | 5 | | | | 8 |
| 2 | 4 | | | 8 | 7 | 6 | | |
| | 8 | | | | | 9 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | 1 | | | 6 | 7 | 4 |
| | | | | 6 | | 5 | 8 | |
| 3 | | | | | | 9 | 2 | |
| | | | 7 | | 4 | 8 | 6 | |
| 2 | | | | 9 | | | | |
| | | | 2 | 8 | | | | 5 |
| | | 1 | | | | | 5 | |
| | | | | | | | | |
| 6 | | 2 | 9 | 3 | 7 | | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | | 3 | 5 | 9 | | | | |
| | | 4 | | 6 | | | | |
| 7 | | | | | | | | 5 |
| | | | 6 | 5 | | 7 | 9 | |
| | 5 | | 3 | | | 1 | 2 | |
| 6 | | 1 | | | | 2 | 4 | |
| 3 | | | | 4 | | 9 | | |
| | | | 9 | 8 | | | 6 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 6 | 5 | 2 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 5 |
| 2 | 5 | 9 | 8 | 3 | 4 | 6 | 1 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 3 | 4 | 8 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 | 9 |
| 5 | 9 | 2 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 9 | 4 | 3 |
| 1 | 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 6 | 9 | 2 | 5 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 2 | 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 3 | 2 |
| 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 | 5 |
| 1 | 9 | 3 | 8 | 5 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 4 | 2 | 6 | 9 | 7 | 1 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 6 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 2 | 5 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 Liðlangan
5 Sprunga
6 Tveir eins
8 Ýtarlegri
10 Forn borg
11 Smáger
12 Tala
13 Kró
15 Merking
17 Tilslökun

**LÓÐRÉTT**
1 Deila
2 Sigð
3 Heppni
4 Lárviðarrós
7 Umsögn
9 Síðdegi
12 Læna
14 Agn
16 Tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 allan, 5 gjá, 6 ee, 8 nánari, 10 úr, 11 fín, 12 stak, 13 stía, 15 táknun, 17 línun.
**LÓÐRÉTT:** 1 agnúast, 2 ljár, 3 lán, 4 nería, 7 einkunn, 9 aftann, 12 síki, 14 tál, 16 uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Wilke átti leik gegn Kleist í Saarbrucken árið 1958.

**1...Dxf4! 2. gxf4 Bg8 0-1.**
Sævar Bjarnason sigraði á æskunni og ellinni sem fram fór í gær. Jón Úlfljótsson varð annar. Mikil spenna er á Manar-mótinu sem lýkur í dag. Heimsmeistarinn, Magnús Carlsen, vann sína skák í gær.

**www.skak.is:** Manar-mótið.

**Svartur á leik**











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Áhrif Vigdísar

**Brynhildur Þórarinsdóttir sendir frá sér bókina Ungfrú fótbolti sem gerist árið 1980. Vigdís Finnbogadóttir hefur þar djúp áhrif á fótboltastelpur.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



„Mig hafði lengi langað að skrifa um upphafsár kvennafótboltans," segir Brynhildur. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Ungfrú fótbolti er sextánda bók Brynhildar Þórarinsdóttur. Bækur hennar hafa vakið athygli og hún hefur hlotið Norrænu barnabókaverðlaunin fyrir endursagnir sínar á Íslendingasögum og Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir Leyndardóm ljónsins.

Brynhildur segir að þessi nýja bók hafi verið lengi í vinnslu. „Mig hafði lengi langað að skrifa um upphafsár kvennafótboltans en það var ekki fyrr en í forsetakosningunum 2012 að það rann upp fyrir mér hvernig ég vildi gera það. Þá varð mér hugsað til Vigdísar Finnbogadóttur og þess hversu mikilvægt það var fyrir okkur stelpurnar sem vorum að alast upp á þessum tíma að fá hana sem fyrirmynd. Mig langaði að skrifa bók um þá tíma þegar fótboltastelpur þurftu að berjast fyrir því að vera teknar alvarlega, sem er í raun sama barátta og Vigdís þurfti að heyja þegar hún bauð sig fram."

**Barátta stelpna**

Bókin gerist árið 1980, árið sem Vigdís var kosin forseti. „Ég er að tvinna saman mína reynslu af því að vera krakki að reyna að spila fótbolta með alvöru liði og svo áhrifin sem Vigdís hafði á samfélagið á þessum tíma. Þetta er samt ekki bók um mig, svo það sé tekið fram. Þetta er saga af þrettán ára stelpum sem eru alltaf að spila götubolta með strákunum. Þær langar að æfa eins og þeir, en það er ekki í boði. Þær þurfa því að berjast fyrir tilverurétti sínum á vellinum og því að tekið sé mark á þeim." segir Brynhildur.

**Nýta flotta fyrirmynd**

Hún segist hafa lagst í talsverða heimildavinnu við vinnslu bókarinnar. „Þetta er ekki söguleg skáldsaga en hún er með sögulegu ívafi, því kosningabarátta Vigdísar fléttast inn. Söguhetjan mætir til dæmis á kosningafund Vigdísar í Breiðholtsskóla. Það kemur mörgum á óvart að öll ummæli sem höfð eru um Vigdísi í sögunni og eftir henni féllu raunverulega í kosningabaráttunni 1980," segir Brynhildur.

Framboð Vigdísar hefur áhrif á stúlkurnar sem eru aðalpersónur bókarinnar. „Stelpurnar í fótboltanum eru að átta sig á því að þær munu festast í hinum karllæga heimi nema þær geri eitthvað í því sjálfar. Þær bregðast við og nýta þessa flottu fyrirmynd, sem Vigdís er, til að verða sjálfar sterkari."

Sagan gerist í Breiðholtinu en þar ólst Brynhildur upp frá níu ára aldri. „Í byrjun leist mér ekkert á Breiðholtið en ég skipti fljótt um skoðun. Þarna var hrúga af krökkum sem allir gengu frjálsir og hálfbyggðu húsin voru spennandi leiksvæði," segir hún. „Breiðholtið reyndist algjör ævintýraheimur."

> MIG LANGAÐI AÐ SKRIFA BÓK UM ÞÁ TÍMA ÞEGAR FÓTBOLTASTELPUR ÞURFTU AÐ BERJAST FYRIR ÞVÍ AÐ VERA TEKNAR ALVARLEGA, SEM ER Í RAUN SAMA BARÁTTA OG VIGDÍS ÞURFTI AÐ HEYJA ÞEGAR HÚN BAUÐ SIG FRAM.

# Að lifa það af að vera til

BÆKUR

**Aðferðir til að lifa af**

★★★★☆

**Guðrún Eva Mínervudóttir**

**Útgefandi:** Bjartur
**Fjöldi síðna:** 166



Guðrún Eva Mínervudóttir skrifar um fólk í smáþorpi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það skrifar enginn eins og Guðrún Eva Mínervudóttir. Frá fyrstu bók hennar hefur hún tamið sér sérstakan stíl til að lýsa heiminum eins og hún og sögupersónur hennar sjá hann, stíl sem er ljúfur og nánast rómantískur og blekkir lesandann næstum til að halda að allt sé í lagi. En bara næstum, aldrei alveg því á þennan mjúka hátt tekst henni að lýsa grimmd, harðneskju og vonleysi á einstaklega næman og ágengan hátt og kemst oft að kjarna sem er sætur og súr í senn, gegnum óraunveruleikann að hinu raunverulega og gegnum hið raunverulega að blekkingunni. Þetta er einnig raunin um þessa bók sem fjallar, eins og titillinn gefur til kynna um aðferðir persónanna til að takast á við það sem lífið hefur búið þeim.

Sagan gerist í smáþorpi rétt hjá sumarbústaðalandi. Við kynnumst fjórum aðalpersónum, ekkjunni Borghildi sem rekur gistiaðstöðu, unglingsstúlkunni Hönnu sem berst við átröskun, Aroni Snæ, vanræktum ellefu ára dreng með þungan farangur og öryrkjanum Árna sem þjáist og vonar í óendurgoldinni ást. Öll standa þau á tímamótum og breytast á þeim fáu dögum þegar sagan gerist. Líf þessara fjögurra snertast og þau snerta einnig við hvert öðru, rétta hjálparhendi, byggja brýr, mynda tengsl.

Lífið með öllum sínum sársauka er umfjöllunarefni bókarinnar, vonleysið sem getur falist í því að vera til en líka fegurðin í því að vera til með öðrum. Von sem kviknar og slokknar er ákveðið stef í bókinni, einnig hvaða áhrif fortíðin hefur, hvort og þá hvernig hún endurtekur sig.

Hryllingur sem Borghildur virðist hafa komið í veg fyrir með því að bjarga konunni í sumarbústaðnum gerist samt, barátta Hönnu við átröskunina er stöðugt í gangi, Árni missir það sem virðist hafa gefið lífi hans gildi og stendur frammi fyrir því að þurfa að velja milli lífskraftsins og þægindanna þegar kemur að hundinum og Aron Snær gerir mistök átta ára gamall sem munu fylgja honum til æviloka, bæði opinberlega og innra með honum sjálfum. Þau hafna draumum sínum þegar þeir banka upp á af því þeir rætast ekki rétt, lífið er vonbrigði, árekstrar, skipbrot. Á móti teflir Guðrún Eva ekki voninni um að úr rætist heldur mikilvægustu hlið mennskunnar, samfélagi, samhjálp, vináttu, tengslum. Lífið er ekki vonglaður skopparabolti sem veltur áfram á tilviljunum heldur þurfum við að taka það í okkar hendur, ákveða hvaða fólk við ætlum að vera. Til að lifa af þetta kaos af vonbrigðum og dauða þurfum við hvert annað.




Undir og í takt við þetta allt hjalar íslenska sumarið, með haustið og veturinn yfirvofandi, fyrirboðann um gleðina sem tefur tæpa stund en treginn lengi, lengi eins og segir í ljóði Hannesar Péturssonar.

Guðrún Eva er einstaklega næmur höfundur, bæði á mannlegar tilfinningar og mennskuna og á blæbrigði tungumálsins. Henni tekst hér sem endranær að draga upp ljóslifandi myndir af aðstæðum og tilfinningunum sem þær vekja. Hið hversdagslega verður ævintýralegt, hið ævintýralega eða hryllilega nánast hversdagslegt og lesandinn er heillaður, dregst inn í textann og söguheiminn og langar ekki að fara, jafnvel þó þar sé ekki alltaf jafn skemmtilegt um að litast.

Aðferðir til að lifa af er falleg og áleitin saga um fólk í öllum sínum einfalda og flókna veruleika.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Falleg og áleitin bók um fjölmargar hliðar þess að lifa það af að vera manneskja.






Ertu með RÚV-appið?




Fyrir þig þegar þér hentar

Fjölbreytt dagskrárefni RÚV í öllum miðlum, í beinni og spilara, allt á einum stað.

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Útsvar 2017-2018 Reykjanesbær - Hafnarfjörður**
**14.10 Enn ein stöðin**
**14.35 Maður er nefndur Salome Þorkelsdóttir** Í þessum þætti ræðir Jón Ormur Halldórsson við Salome Þorkelsdóttur fyrrverandi alþingismann. Salome segir frá ætt sinni og uppruna og frá uppvextinum í Reykjavík. Hún talar um nám sitt í Kvennaskólanum og segir frá sýn sinni sem ung stúlka á hernámið. Hún segir frá Mosfellssveitinni þar sem hún hefur búið stærstan hluta ævinnar, ræðir um starf sitt með Kvenfélagi Lágafellssóknar og talar um önnur félagsstörf. Salome segir frá setu sinni á Alþingi en hún var alþingismaður í 16 ár. Dagskrárgerð. Ásgrímur Sverrisson.
**15.10 Út og suður**
**15.40 Af fingrum fram**
**16.15 Reimleikar** Þáttaröð þar sem draugatrú Íslendinga er tekin til skoðunar ásamt annarri þjóðtrú, á borð við hjátrú og trú á álfa. Rætt er við ýmsa sérfræðinga og þá sem hafa haft persónuleg kynni af afturgöngum, álfum eða framliðnum. Rýnt er í hvernig draugatrú endurspeglar samfélagið, menninguna og síðast en ekki síst, sálarlíf og samvisku mannsins. Umsjón. Bryndís Björgvinsdóttir. Dagskrárgerð. Rakel Garðarsdóttir. e.
**16.45 Silfrið**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Lalli**
**18.08 Minnsti maður í heimi**
**18.09 Símon**
**18.14 Refurinn Pablo**
**18.19 Letibjörn og læmingjarnir**
**18.26 Klingjur**
**18.37 Mói**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Reikistjörnurnar** Heimildarþáttaröð frá BBC þar sem eðlisfræðingurinn Brian Cox rannsakar mikilfenglega sögu reikistjarnanna í sólkerfinu okkar.
**21.10 Hernám** Önnur þáttaröð þessara norsku spennuþátta sem byggðir eru á hugmynd Jos Nesbø hefst sex mánuðum eftir lok fyrstu þáttaraðar. Noregur en enn undir hernámi Rússa og forsætisráðherra Noregs hefur verið sendur í útlegð til Svíþjóðar þar sem hann leitar leiða til að ná aftur tökum á landi sínu. Aðalhlutverk. Henrik Mestad, Eldar Skar og Ane Dahl Torp. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Darcey Bussel. Í leit að Fred Astaire** Breskur heimildarþáttur þar sem dansarinn Darcey Bussell rannsakar lífshlaup og feril Hollywood-stjörnunnar og dansarans Freds Astaire 30 árum eftir andlát hans.
**23.15 Krónikan**
**00.15 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 CJ Cup @ Nine Bridges** Útsending frá CJ Cup @ Nine Bridges á PGA-mótaröðinni.
**12.00 CJ Cup @ Nine Bridges**
**16.00 CJ Cup @ Nine Bridges**
**20.00 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA-mótunum.
**20.55 CJ Cup @ Nine Bridges**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show with James Corden**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 The Neighborhood**
**14.15 Jane the Virgin**
**15.00 Top Chef**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 Speechless**
**19.45 Superstore**
**20.10 Bluff City Law**
**21.00 Hawaii Five-0**
**21.50 Seal Team**
**22.35 Det som göms i snö**
**23.20 The Late Late Show**
**23.20 The Late Late Show**
**00.05 NCIS**
**00.50 FBI**
**01.35 Grand Hotel**
**02.20 Baskets**
**02.45 White Famous**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsin s**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Flugur Elvis Presley**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Til allra átta – Allskonar**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Öreigaskáldsögur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Hátalarinn**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Krakkavikan**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Að breyta fjalli**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.10 Swan Princess. A Royal Family Tale**
**13.35 Cry Baby**
**15.00 Trumbo**
**17.00 Swan Princess. A Royal Family Tale**
**18.25 Cry Baby**
**19.55 Trumbo**
**22.00 Masterminds**
**23.35 Knights of Badassdom**
**01.00 Terminal**
**02.35 Masterminds**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.50 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Seinfeld**
**10.00 Divorce**
**10.35 Kórar Íslands**
**11.55 Landnemarnir**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Britain's Got Talent**
**13.25 Britain's Got Talent**
**14.40 Britain's Got Talent**
**15.10 Lego Masters**
**16.05 Catastrophe**
**16.35 The Goldbergs**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.20 Veður**
**19.25 Um land allt** Kristján Már Unnarsson snýr aftur með þessa frábæru þætti þar sem hann heimsækir samfélög vítt og breitt um landið, heilsar upp á fólk í leik og starfi.
**20.05 Gulli byggir**
**20.45 Temple**
**21.30 Watchmen**
**22.25 StartUp**
**23.10 60 Minutes**
**23.55 All Rise**
**00.40 Succession**
**01.40 The Deuce**
**03.50 The Detour**
**04.15 Say Her Name. The Life and Death of Sandra Bland**

## STÖÐ 3

**19.15 Two and a Half Men**
**19.40 The Big Bang Theory**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 Who Do You Think You Are?**
**21.50 It's Always Sunny in Philadelphia**
**22.15 American Horror Story 8. Apocalypse**
**23.00 Peaky Blinders**
**00.00 Claws**
**00.50 Two and a Half Men**
**01.15 The Big Bang Theory**
**01.35 Seinfeld**
**02.00 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.00 Sevilla - Levante**
**09.40 Sampdoria - Roma**
**11.20 Green Bay Packers - Oakland Raiders**
**13.40 Seattle Seahawks - Baltimore Ravens**
**16.00 Atletico Madrid - Valencia**
**17.40 Spænsku mörkin** Leikirnir í spænsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
**18.10 Ítölsku mörkin** Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
**18.40 Brescia - Fiorentina** Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
**20.45 Football League Show** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.
**21.15 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**21.40 Wigan - Nottingham Forest** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**23.20 Mallorca - Real Madrid** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



KOMDU MEÐ Í FERÐALAG UM ÆVINTÝRAHEIMA VÍSINDANNA!
LIFANDI VÍSINDI
FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOÐ!
Í TILEFNI AF 22 ÁRA AFMÆLI LIFANDI VÍSINDA
FÆRÐU NÝJASTA TÖLUBLAÐIÐ Á AÐEINS 22 KRÓNUR.
FARÐU INN Á WWW.VISINDI.IS/ASKRIFT OG KYNNTU ÞÉR ÞETTA FRÁBÆRA ÁSKRIFTARTILBOÐ!
LIFANDI VÍSINDI
100 ÁR
FRÁ KEFLAVÍK TIL NEW YORK Á
3 tímum







Undanfarin vika var svo sannarlega stór hjá Jóhönnu Friðriku; frumsýning kvikmyndarinnar Agnes Joy þar sem hún er einn handritshöfunda og hún birtist í þættinum Pabbahelgar sem sýndur er á RÚV. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Langaði að sýna aðra týpu af kvenlíkama

**Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir** birtist í gærkvöldi í sjónvarpi allra landsmanna í hlutverki „hinnar konunnar" í þáttunum Pabbahelgar sem vakið hafa verðskuldaða athygli. Hún segist hafa ákveðið að stíga út fyrir þægindarammann í raunsærri nektarsenu.

Jóhanna Friðrika útskrifaðist sem leikkona árið 2005 en segir leiklistarferilinn hafa verið köflóttan. „Leiklistarferillinn minn er nú mun fyrirferðarminni en kokkaferillinn minn en eldamennska hefur tekið mikið pláss í mínu lífi og þannig hef ég unnið fyrir mér." Jóhanna ólst upp á Vík í Mýrdal og minnist þess að leikfélagið á Kirkjubæjarklaustri hafi reglulega komið í leikferðir þangað og sýnt verk í félagsheimilinu Leikskálum. „Þar átti ég uppáhaldsleikara sem mig langaði alltaf svo að líkjast af því mér fannst hann geta gert svo marga svipi og fannst hann svo fyndinn. En leiklistaráhuginn kviknaði ekki af alvöru fyrr en í Menntaskólanum á Laugarvatni þar sem ég áttaði mig á því að svona landsbyggðartútta eins og ég gæti raunverulega farið í leiklistarskólann sem ég hélt alltaf að væri bara fyrir leikarabörn úr Reykjavík. Því á Laugarvatni var ein bekkjarsystir bróður míns nýkomin inn í Leiklistarskólann."

### Áhuginn færðist yfir í leikstjórn og skriftir

Eftir útskriftina fór Jóhanna þó meira að leikstýra í menntaskólum og leikfélögum úti á landi en stóð ekki mikið sjálf á sviði. „Áhuginn færðist því fljótlega yfir í að leikstýra og út frá því að skrifa þar sem ég þurfti iðulega að skrifa verk fyrir leikfélögin eða aðlaga verk að hópum og þeim aðstæðum sem ég var að vinna með hverju sinni. Leiðin lá svo í ritlist í Háskóla Íslands þar sem ég útskrifaðist með master árið 2015 og hef mestmegnis verið að skrifa síðan þá en kvikmyndin Agnes Joy er sú fyrsta sem ég tek þátt í að skrifa. Hún var frumsýnd í síðustu viku við góðar undirtektir og hvet ég auðvitað alla til að skella sér í bíó," segir Jóhanna.

> ÞAR SEM ÉG ER SVONA TÝPA SEM HEF SVO OFT GAGNRÝNT HVAÐ ÞAÐ ER LÍTIL FJÖLBREYTNI Í ÞVÍ HVERNIG KONUR ERU SÝNDAR Í NEKTARSENUM ÞÁ FANNST MÉR SVO GOTT Á MIG AÐ FÁ ÞETTA TÆKIFÆRI UPP Í HENDURNAR, TÆKIFÆRI TIL AÐ SÝNA AÐRA TÝPU AF KVENLÍKAMA EN ÞÁ SEM OFTAST BIRTIST Á SKJÁNUM.

### Mikilvægt að gera það sem maður hræðist

Það var eftir tveggja ára hlé í leikhúsinu að Jóhanna fór með hlutverk í verkinu Loaboratorium í Borgarleikhúsinu að Nanna Kristín Magnúsdóttir, leikstjóri og handritshöfundur Pabbahelga, var áhorfandi á einni sýningunni. „Nanna sá mig þar og kallaði mig í kjölfarið í prufu fyrir þættina. Mér fannst handritið strax mjög spennandi og heildarhugmyndin öll en ég þurfti alveg að taka mér tíma til að hugsa málið vel þegar hún bauð mér hlutverkið. Þessir þættir eru svo dásamlega raunsæir sem getur verið svo hættulegt og þarna var mikil nekt og ég þurfti því að skoða hug minn vel, hvort ég hefði hugrekkið í þetta," segir Jóhanna einlæg.

„En þar sem mér finnnst umfjöllunarefni þáttanna svo ferskt og af því að ég var alveg skíthrædd við að gera þetta ákvað ég að slá til, því það er svo mikilvægt að gera það sem maður er hræddur við.

### Nektarsenan auðveld þegar á hólminn var komið

Þar sem ég er svona týpa sem hef svo oft gagnrýnt hvað það er lítil fjölbreytni í því hvernig konur eru sýndar í nektarsenum þá fannst mér svo gott á mig að fá þetta tækifæri upp í hendurnar, tækifæri til að sýna aðra týpu af kvenlíkama en þá sem oftast birtist á skjánum. Þegar svo á hólminn var komið fannst mér hins vegar lítið mál að gera þetta sem hefur mest með dásamlegt samstarfsfólk að gera. Það eru allir svo miklir fagmenn á setti og umgangast svona tökur af svo mikilli virðingu. Ég held að það halli ekki á neinn þegar ég segi að mótleikari minn, Sveinn Ólafur Gunnarsson hafi átt stærstan þátt í því hvað þetta var jákvæð reynsla."

Jóhanna viðurkennir þó að hafa ekki fundist sérlega þægilegt að sjá umræddar senur. „Mig langar ekkert að horfa á þetta oft en ég er ánægð með hvað þetta var vel gert. Þetta var hvorki teprulegt né heldur upphafið – bara raunverulegt. Sem mér finnst einmitt mesta snilldin við þessa þætti í heild. Hvernig þeir ná að dansa á þessari línu að vera raunsæir með öllu því óþægilega sem raunveruleikinn býður oft upp á. En er ekki eitthvað óþarflega framhleypið eða að verið sé að hneyksla eða vekja ógleði. Mér finnst líka svo vel gert að persónurnar eru skrifaðar þannig að maður sem áhorfandi tekur ekkert svo auðveldlega afstöðu með einni þeirra umfram aðra. Þær eru allar svo mannlegar, breiskar og dásamlegar til skiptis," segir Jóhanna að lokum. **bjork@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# Þú finnur besta verðið á Já.is

Raftæki

Já.is leitar að besta verðinu í öllum íslenskum vefverslunum fyrir þig. Þú getur líka búið til óskalista með þínum uppáhaldsvörum og fengið tilkynningu þegar vöruverð breytist.

Ef þú ert í innkaupahugleiðingum er Já.is ómetanlegur félagi.



já er svarið

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Láru G. Sigurðardóttur



# Að hanga heima

Þegar ég var yngri voru stífar æfingar daginn fyrir hæðarmælingu hjá skólahjúkrunarfræðingnum: Stattu bein í baki, lyftu upp bringunni og teygðu úr hálsinum eins og sé verið að draga þig upp á hnakkadrambinu. Tugir ára hafa liðið síðan en samt man ég þetta eins og hafi gerst í gær. Ég er ekki af hávöxnu kyni og því skipti hver millimetri máli í mælingum sem þessum. Hæðarmetið mitt var 160,5 cm - þessi hálfi var alltaf tiltekinn þegar ég var spurð um hæð.

Í læknanáminu lærði ég að við byrjum að skreppa saman eftir 25 ára aldur því liðbil hryggjarliðanna minnka með árunum. Eina leiðin til að stækka eftir það væri á þverveginn. Eftir það hætti ég að hæðarmæla mig og hélt mig við töluna þegar ég var sem spengilegust.

Allt þangað til ég fór nýverið í læknisheimsókn í Bandaríkjunum. Þar ertu hæðarmældur í hverri heimsókn eins og í ungbarnaeftirliti. Ég rak upp stór augu þegar mér var tilkynnt að ég hefði slegið hæðarmet mitt um 1,5 cm. Hóflega bjartsýn taldi ég að um skekkju væri að ræða en þegar næstu þrjár mælingar sögðu allar það sama á mismunandi stöðum og hjá mismunandi aðilum, þá runnu á mig tvær grímur. Getur fullvaxta manneskja lengst?

Það kæmi mér ekki á óvart að það að klifra, ástunda yoga og hanga mikið heima (sem er Yin Yoga æfing) hafi teygt úr stelpunni. Enda var kennt í Yin Yoga námi sem ég sótti að ákveðnar æfingar geti lengt liðbilin og snúið við samskreppingarferlinu.

Ólafur Ragnar sagði eftirminnilega í forsetatíð sinni við Everestfarana að þjóðin væri í skýjunum. Ég á vissulega nokkuð í land með að komast það hátt en það er gaman til þess að hugsa að það geti tognað eilítið á okkur seinna á ævinni!








